


3. töl 1. árg. Nóvember 2007

LAND & SAGA

Skipulag - Hönnun - Byggingar





Frá útgefanda

Skipulag-Hönnun-Byggingar kemur nú út í þriðja sinn. Upplag blaðsins er 116.000 eintök og verður því dreift inn á veflest heimili á landinu, auk þess sem blaðið liggur frammi á yfir 60 afgreiðslustöðum N1 um allt land. Hér er því sennilega um að ræða eina stærstu útgáfu sérblaðs á Íslandi í dag.

Blaðið er vettvangur skipulags, hönnunar og byggingarmála og markmiðið er, sem áður, að kynna skipulag sveitarfélaga víðs vegar um landið – en seinustu ár hafa verið mikill uppgangstími í íslenskri byggingasögu, sögu sem er ekki aðeins að breyta ásýnd margra sveitarfélaga, heldur daglegu lífi þess fólks sem þar býr – því eins og kemur fram í þessu 3. tölublaði, þá er skipulag bæja og borga undirstaða mannlífs.

Til að lesendur fái greinargóðar upplýsingar um hugmyndir, ferli og ástæður fyrir þeim breytingum sem ásýnd sveitarfélaga þeirra eru að taka á sig, er rætt við fjölda manna og kvenna sem að þeim standa; forráðamenn sveitarfélaga, hönnuði, verkfræðinga og verktaka, svo eitthvað sé nefnt.

Við viljum þakka öllum þeim sem hafa komið að útgáfunni og þakka þær frábæru móttökur sem þetta sérrit um Skipulag-Hönnun-Byggingar hefur fengið. Við höldum áfram á sömu braut, því næsta tölublað í þessum flokki – og það síðasta á þessu ári – kemur út hjá okkur 4. desember.

Einar Þorsteinsson

3. tbl 1. árg. Nóvember 2007

LAND & SAGA

Skipulag - Hönnun - Byggingar

Land og Saga ehf
Nýlendugata 21
101 Reykjavík
Sími 534 0700
www.LandogSaga.is
LandogSaga@LandogSaga.is

Ritstjórn og framkvæðastjóri:

Einar Þorsteinsson
Einar@LandogSaga.is 822 0567

Markaðsmál:

Erna Sigmundsdóttir
Erna@LandogSaga.is 821 2755

Blaðamenn:

Atli Rafn Kristinsson
arkri@simnet.is 861 2122
Friða Björnsdóttir
fridavob@islandia.is 897 3462
Hilmar Karlsson
hkarls@simnet.is 695 6681
Geir Guðsteinsson
geirgudsteinsson@simnet.is 898 5933
Súsanna Svavarsdóttir
susannasvava@simnet.is 861 5242
Snæfríður Ingadóttir
snaeja@gmail.com 697 6963

Kristján J. Kristjánsson
kk@de.is 662 6080
Sigrun Maria Kristinsdóttir
sigrunm@yahoo.com 695-3469
Ólafur Ormsson
olafuror@isl.is 8697868

Forsíðumynd:

Christopher Lund
Íþróttakademían í Reykjanesbæ
Hönnuður: Arkitektúr.is

Ljósmyndir:

Ingólfur Júlíusson – nn@hive.is 690 3411

Umbrot:

Ingólfur Júlíusson
nn@hive.is 690 3411

Prentun:

Landsprent.
Prentað í 116.000 eintökum.

Dreifning:

Pósthúsið, Íslandspóstur og
allir sölustaðir N1.



Gæði glersins skipta öllu máli

Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyra og hitaútstreymið er lítið.

 **GLERBORG**



Pegar innrétta á fallegt heimili

**Egill
Arnason hf**

Ármúli 8, 108 Reykjavík, 595 0500 - Baldursnes 6, 603 Akureyri, 595 0500 - www.egillarnason.is

Þyrping

Þróunarfélag sem hefur styrkst og eflst á fimm árum

Þyrping, sem stofnað var 1. nóvember 2002, er fram-sækið þróunarfélag á sviði skipulagsmála og mannvirkjagerðar sem vinnur faglega að þróun og uppbyggingu einstakra svæða. Þyrping hefur tengst helstu nýsköpunarverkefnum á sviði skipulags- og byggingamála á undanförunum árum og hefur mikla sérþekkingu í þeim efnum. Hefur það opnað félaginu aðgang að færustu ráðgjöfum hér heima og erlendis og gerir félaginu kleift að bjóða fyrsta flokks íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Framkvæmdastjóri Þyrpingar er G. Oddur Víðisson, arkitekt og hóf hann störf hjá félaginu í mars 2004. Áður starfaði hann sem forstöðumaður hönnunar- og mannvirkjasviðs hjá Baugi, sem síðar varð Hagar:

”Þyrping er þróunarfélag sem hefur nokkra sérstöðu að því leyttinu að við eigum ekki fasteignir heldur lifum á þróunarfremlegð sem felur í sér að auka verðmæti svæða, þróa svæði, byggja og selja. Við erum ekki langtímafjárfestar, heldur skammtíma fjárfestar og tökum áhættu.

Félagið var stofnað fyrir fimm árum síðan og full starfsemi hefur verið frá 2004, en þá var fyrsti starfsmaðurinn ráðinn. Í dag eru ellefu starfsmenn. Lengi vel vorum við í húsnæði með Stoðum, eða þar til í desember í fyrra að við fluttum í eigið húsnæði í Hátúni.”

Þrjú stór verkefni

”Það sem hefur einkennt rekstur Þyrpingar hingað til eru þrjú stór verkefni, sem eru Skuggahverfið og Borgartún 26 þar sem við höfum byggt, og Akraland í Garðabæ, þar sem við byggjum ekki heldur skipuleggjum og seljum lóðir, einbýlishús sunnan megin í landinu og fjölbýlishúsvæði norðan megin. Þessi þrjú verkefni sýna vel starfsemi Þyrpingar í hnotskurn, Skuggahverfið er íbúðabyggð, Borgartúnið atvinnuhúsnæði og Akraland er þróunar og skipulagsverkefni á 24 hektara landi. Lengst erum við komnir með Borgartúnið sem er komið í fulla notkun og við reiknum með að selja húsið allt frá okkur snemma á næsta ári. Skuggahverfið er vel hálfnað og þar er mikill kraftur í sölu á íbúðum þessa stundina. Við lentum í tjóni eins og sjá má utan á byggingunum þar sem

flísar vantar og er það mál fyrir dómstólum, en lagfæringar munu fara fram áður en niðurstaða í dómsmálinu liggur fyrir.”

Verkefni í farveginum

Önnur stór verkefni eru í farveginum hjá Þyrpingu: ”Við festum kaup á tiltölulega stóru landsvæði á Seltjarnarnesi við Bygggarða, r, sem eru vestast á Seltjarnarnesi, þar erum við að vinna í skipulaginu sem verður fljótlega lagt fyrir nefnd til ákvörðunar. Á svæðinu eru verksmiðjur og verkstæði sem verða látin fara og erum við búnir að kaupa stóran hluta af þeim. Þarna er áætluð blönduð íbúðabyggð, ekki hærra en tvær til fjórar hæðir.

Einn hluti af starfseminnar er að þjóna verslunum og þar er okkar helsti viðskiptavinur Hagar. Við erum að skoða tækifæri til að auka við verslanir þeirra, meðal annars að skoða svæði á Seltjarnarnesi og í vesturhluta Reykjavíkur. Við höfum sótt um landfyllingu í Örfirsey, allt að 20 hektur fyrir íbúðabyggð og sendum beiðni til hafnarstjórnar í fyrra. Þar erum við með 4500 manna byggð í huga. Þetta er stórt verkefni sem er í vinnslu.”

Málefni aldraðra og alþjóðaflugvöllur eru tvö stór mál sem Þyrping hefur haft afskipti af: ”Hvað varðar íbúðir fyrir aldraða þá höfum við verið að skoða hvort það væri tækifæri fyrir einkaaðila að komast inn á þann markað. Fórum af stað með verkefni sem hafði það að leiðarljósi að bjóða einstaklingum, sem komnir eru á efri árin þjónustu sem miðar að öflugum forvarnarstarfi í formi hjálpar til sjálfshjálpar. Við lögðum mikið í þetta verkefni, en í ljós kom að möguleikarnir eru litlir eins og er vegna lagaumhverfisins, en samkvæmt lögum verða sjálfseignarstofnanir sem reka slík húsnæði. Við teljum

Markmið Þyrpingar er að vera leiðandi í faglegri þróun, hönnun og uppbyggingu á atvinnu- og íbúðarhúsnæði.



G. Oddur Víðisson: ”Skuggahverfið er vel hálfnað og þar er mikill kraftur í sölu á íbúðum þessa stundina.”

okkur samt hafa haft áhrif á þessi mál og enduðum verkefnið með stórrí ráðstefnu í mars sem bar yfirskriftina: Njótum lífsins á efri árum. Heppnaðist ráðstefna mjög vel. Hvað varðar framhaldið þá er það í höndum stjórnvalda og sveitarfélaga.

Við höfum verið að skoða ýmis mál önnur eins og hvort arðvænlegt sé að byggja annan alþjóðaflugvöll sem yrði í samkeppni við Keflavíkflugvöll, hvort virkilega eigi að byggja Landspítala Háskólasjúkrahús

á þeim stað sem áætlað er eða hvort staldra eigi við og skoða málið upp á nýtt út frá breyttum forsendum. Það er mikið verðmæti í lóðum og landsvæðum sem væri hægt að nýta með öðrum hætti. Þá höfum við einnig verið með þróunarverkefni á Akureyri og Álftanesi sem eru mjög spennandi.”

Öflugt félag

Í dag er Þyrping öflugt félag og hafa áætlanir staðist. ”Við höfum að sjálfsögu eins og aðr-

ir notið uppsveiflunnar í þjóðfélaginu og loksins eru lóðir farnar að koma með verðmæti sem ekki var áður, höfðu í raun engin verðmæti. Hvað varðar framtíðina og umræður um niðursveiflu þá er ég þeirrar skoðunar hvað varðar byggingarbransann að í lagi sé að það hægist aðeins á honum, en ef þú ert með í höndunum góða staðsetningu og skipuleggur rétt hvað varðar mannvirki þá ertu alltaf með góða söluvöru.”



Borgartún 26

Borgartún 26 er glæsilegt skrifstofu- og þjónustuhúsnæði. Húsið stendur á miklum útsýnisstað og er um 12.000 m² að stærð. Það skiptist í tvo misháa hluta, 5 hæðir austan megin og 8 hæðir vestan megin. Húsið er sérhannað útfrá þörfum framsækinna fyrirtækja og staðsett í hjarta helsta fjármálhverfis Reykjavíkur. Skrifstofurnar eru rúmgóðar, í hágæðaflokki og með frábæru útsýni. Húsið hefur allt verið leigt út til öflugra fyrirtækja.



101 Skuggahverfi

Í Skuggahverfinu eru að rísa glæsilegar íbúðabyggingar sem setja svip sinn á miðborg Reykjavíkur. Staðsetning, hönnun húsanna og einstakt útsýni hefur gert það að verkum að Skuggahverfið er í dag ein eftirsóttasta íbúðabyggð landsins. Byggingarsvæðið afmarkast af Skúlagötu, Frakkastíg, Lindargötu og Vatnsstíg. Hæsta byggingin er við Vatnsstíg og verður hún 19 hæðir og er hún í 2. áfanganum. Áætlað er að íbúar verði um 800. Við hönnun Skuggahverfisins var lögð áhersla á að nýta sem best kosti staðsetningar og umhverfis. Samspil birtu, gróðurs og glæsilegra bygginga einkennir svæðið. Skuggahverfið byggist í þremur áföngum. Þegar er lokið við 1. áfangann og allar íbúðirnar seldust á skömmum tíma. 2. áfanginn er nú í byggingu og eru íbúðirnar í sölu um þessar mundir og hefur sala gengið vel. Þegar lokið verður að byggja 2. áfangann verður strax farið í 3. áfanga.



Nesgarðar Seltjarnarnesi

Á ysta hluta Seltjarnarness er fallegt og hrífandi svæði með gömlu atvinnu- og iðnaðarhúsnæði. Staðsetningin er einstök, hvort heldur litið er til næsta umhverfis á Seltjarnarnesi eða stöðu innan höfuðborgarsvæðisins. Skipulagssvæðið – Nesgarðar - er í jaðri íbúðabyggðarinnar við Bygggarða á norðanverðu Seltjarnarnesi. Í austri afmarkast það af Sefgörðum, til suðurs og vesturs af opnu svæði milli Nesstofu og Ráðagerðis og til norðurs af Norðurströnd. Nesgarðar liggja í jaðri opinna útivistarsvæða við Gróttu og Suðurnes. Fjölbreytt fuglalíf á tjörnum, gamlir matjurtagarðar, ósnortin fjara og einstakt útsýni með Snæfellsjökul í öndvegi undirstrika sérstöðu svæðisins.



Hið nýja fjölnota íþrótt- og tónlistarhús við Vallarkór sem fékk nafnið Kórin. (Mynd: Krissy)

Framsýni og betri efnahagur

Gunnar Birgisson, bærarstjóri í Kópavogi, segir marga samverkandi þætti búa að baki ótrúlegri uppbyggingu sveitarfélagsins

Þau eru líklega fá sveitarfélögin sem hafa vaxið og dafnað eins hratt og skipulega og Kópavogsbær á liðnum áratug. Byggðin, sem áður virtist þjappa sér í kringum eina brú, teygir nú anga sína upp í kóra og sali, hvörf og þing – og Vatnsendahæðin er komin í byggð. En þetta eru ekki bara svefnhverfi, heldur íbúðahverfi með verslun og þjónustu, kirkjum, kúltúr og íþróttamannvirkjum. Uppbyggingin hefur að langmestu leyti átt sér stað í bæjarstjórnartíð Gunnars Birgissonar – sem er að vonum stoltur af sínum bæ. Uppbygging á fjórum fjölmennum íbúðahverfum og fleiri komin á teikniborðið. En hvar byrjaði þetta allt?

„Það má segja að þetta hafi allt byrjað upp úr 1990 þegar Sigurður heitin Geirdal var bærarstjóri og ég formaður bæjarráðs. Við ákváðum að móta framtíðarsýn. Það var lægð í þjóðfélaginu sem hafði staðið nokkuð lengi en við vorum vissir um að brátt færi að sjást fyrir endann á henni,“ segir Gunnar. „Það var ljóst að þegar þjóðfélagið kæmist upp úr þessari lægð, yrði farið að byggja – en

það var ekki mikið um byggingaland á Reykjavíkursvæðinu. Það stefndi í mikla kreppu í

húsnæðismálum hér. Við ákváðum að búa okkur undir breytta tíma og skipulögðum Smára-,



Kraftur í uppbyggingunni í Kópavogi. (Mynd: Krissy)



Börn í Kópavogi. (Mynd: Krissy)

Linda- og Salahverfin. Þegar kreppan var gengin yfir, myndaðist gríðarleg eftirspurn og þá vorum við með þessi hverfi klár. Þau byggðust upp á algerum met tíma.“

Hægir á næstu tvö árin

„Á meðan skipulögðum við næstu áfanga. Inni í honum var Kórahverfið, þrjú þúsund manna byggð sem hefur byggst upp á þremur árum og verður tilbúin á næsta ári. Einnig eru Hvörfin nánast fullbyggð. Þar verður 1.500 til 1.800 manna byggð og í Þingunum, sem eru í fullri uppbyggingu núna, verða þúsund til tólf hundruð manns. Um þessar mundir eru Hnoðraholt og Rjúpnahæð að komast í uppbyggingu og framkvæmd og við áætluðum að þau hverfi verði tilbúin eftir tvö til þrjú ár. Síðan erum við í skipulagsferli á svokallaðri Vatnsendahæð þar sem verða um 700 íbúðir. Frestur til að sækja um byggingarrétt á svæðinu er nýliðinn og við erum að fara yfir umsóknirnar.“

Svo er það vesturbærinn hjá okkur en þar er búið að samþykka rúmlega tvö hundruð íbúðir. Við erum að vinna að heilmiklum breytingum á skipulaginu á atvinnu- og

íbúðasvæðinu til að koma til móts við ábendingar og óskir íbúa sem felldu sig ekki við fyrri skipulagshugmyndir. Við gerum ráð fyrir 340 íbúðum í bryggjuhverfinu, sem var samþykkt árið 2003. Á Kársnesinu verða því alls um sex til átta hundruð nýjar íbúðir en þetta hverfi mun byggjast upp á lengri tíma en önnur hverfi, kannski tíu árum. Að lokum erum við með um 300 íbúðir í Lundi og í desember verður flutt inn í fyrstu íbúðirnar þar.“

Þegar Gunnar er spurður hvort endalaust verði hægt að byggja, segir hann það af og frá. „Ég spái því að það muni hægja verulega á byggingu íbúðarhúsa og fjölbýlishúsa á næstunni. Á næstu tveimur árum er útlit fyrir að byggðar verði tvöfalt fleiri íbúðir en þörf er fyrir. Við eigum því eftir að sjá jaðarsvæðin kólna og það er ljóst að uppbyggingarhraðinn verður ekki eins mikill.“

Hröð fjölgun

Þegar ekið er um hin nýju svæði Kópavogs fer ekki hjá því að maður spyrji sig hvaðan allt fólkið sem á að búa í húsunum mun koma. Gunnar segir það koma úr ýmsum áttum. „Í

fyrsta lagi hefur komið hingað mikill fjöldi útlendinga með fjölskyldur sínar og sest hér að; þetta er harðduglegt fólk sem fær tækifæri til að koma undir sig fótunum – og gerir það vel. Í öðru lagi hefur efnahagur fólks batnað mjög mikið á seinustu árum. Ungt fólk á betra aðgengi að peningum en okkar kynslóð átti. Við erum, til dæmis, að sjá tuttugu og fimm ára gamalt fólk kaupa sér einbýlishúsaloðir. Uppsöfnun verðmæta og auðs hefur farið vaxandi og unga fólk nýtur góðs af því. Í þriðja lagi er það hið mjög svo skrýtna nútíma mynstur sem kallast fjarbúð. Það er æ algengara að fólk sem fram að þessu hefði verið í sambúð, búi í sitt hvoru lagi nema um helgar. Þetta er mynstur sem er að verða ótrúlega algengt. Í fjórða lagi eru það eldri borgarar. Þeirra hagar hefur farið batnandi. Það er töluvert um að þeir selji húsin sín, borgi út arfinn til afkomenda sinna og kaupir sér íbúð.

Breytingarnar sem hafa átt sér stað á seinustu tíu árum eru svo miklar að það er ólíku saman að jafna. Þetta er orðið allt annað samfélag en var hér á árunum 1990 til 1995.“

Í Kópavogi búa 28.500 manns í dag. Á þeim svæðum sem skipulögð hafa verið og eru í þágu er ljóst að íbúum fylgja um sex til átta þúsund á næstu fimm til sjö árum. „Það hefur fjölgað um þúsund íbúa á ári hér á seinustu árum og það lítur út fyrir að sú þróun haldi áfram og við verðum þrjátíu þúsund árið 2009 og förum upp í 35.000 fljótlega eftir það,“ segir Gunnar.

Neyðarástand hefði skapast

Hvað atvinnu varðar, voru færri störf en hendur til að vinna þau í Kópavogi árið 1990. „Í dag hefur þetta gjörbreyst,“ segir Gunnar. „Í skipulaginu höfum við gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði þar sem er byggð. Fólk eltir atvinnuna. Núna liggur fyrir að byggja á annað hundrad þúsund fermetra atvinnuhúsnæði á Glaðheimasvæðinu og svo á eftir að skipuleggja svæðið sunnan Smáralindar. Þú átt að geta nálgast allt sem þú nauðsynlega þarft innan þess hverfis sem þú býrð í.“

Aðspurður hvort framtíðarsýn þeirra Sigurðar hafi náð eins langt og framkvæmdir bera vott um núna, segir Gunnar svo vera. „Við byrjuðum á því að kaupa upp lönd og hófum framkvæmdir hér niðri í Kópavogsdal. Síðan áttum við lönd hinum megin við Reykjanesbraut og vorum með þetta allt klárt þegar kreppunni létti 1995-96. Það hafði verið stöpp í átta ár og þörfin var mikil. Hér hefði skapast neyðarástand ef við hefðum ekki getað byggt upp Lindirnar og Smárana í hveli. Þessi hverfi byggðust upp árin 1997-2004 og þangað kom mikið af leikskólabörnum úr Reykjavík. Ungu fólk hið streymdi

Breytingarnar sem hafa átt sér stað á seinustu tíu árum eru svo miklar að það er ólíku saman að jafna. Þetta er orðið allt annað samfélag en var hér á árunum 1990 til 1995.“

hingað og það var fólk hið sem við þurftum.

Við fleyttum rjómann af því duglega fólk sem kom frá Reykjavík – en borgin hafði sofnað á verðinum. Í uppbyggingunni höfðum við haft að leiðarljósi að fyrst kæmu leikskólarnir og grunnskólarnir í hverfin. Við lögðum mikla áherslu á að innviðir hverfisins yrðu tilbúnir sem fyrst. Samhliða skólunum voru það íþróttahúsin og göngustígarnir. Það skiptir miklu máli að unga fólk geti farið út að hlaupa eða út að ganga með barnavagnana. Við malbikum strax og göngum frá gangstéttum og inn í hverju hverfi er opið svæði. Og auðvitað byggir allt á því að umferðarmálin séu í lagi.“

Fjárfest í innviðum

Þegar Gunnar er spurður hvort ekki sé óheyrilega dýrt að byggja upp hverfi sem bjóða upp á svo góða þjónustu, segir hann það svo vera en bætir við: „Okkar rekstrarstaða batnar ár frá ári. Uppbyggingu af þessari stærð fylgir líka fjármagn og við höfum notað það til að fjárfesta í innviðum og til að lækka þjónustugjöld. Þegar hagar bæjarfélagsins vænkast eiga íbúarnir að njóta góðs af því. Við höfum, til dæmis, fjárfest í vatnsveitu – sem var löngu tímabært. Við eigum land að bestu vatnstökusvæðum landsins og höfum gert samning við Garðabæ til þrjátíu ára um sölu á vatni til þeirra. Með þessu munum við geta lækkað vatnsskattinn hjá bæjarbúum. Framtíðin er því björt rekstrarlega séð hjá okkur, jafnvel þótt hægja muni á framkvæmdum á næstu árum.“

Enn eru ótaldir Kjóavellirnir sem hljóta í framtíðinni að gera Kópavog að draumalandi hestamannsins. Á Kjóavöllum er að rísa besta hestasvæði á landinu og þótt víðar væri leit að. Nú þegar er unnið hörðum höndum að lagningu gatna og reiðstíga um svæðið og út úr því og til stendur að reisa þar glæsilega reiðhöll með fullkomnum keppnis- og sýningavelli. Það er ljóst að bæjarstjórnin er afar stoltur af þeirri framtíð sem fljótlega verður að veruleika á

Kjóavöllum – og má vera það á tímum sem verið er að reka hestaíþróttina lengra og lengra burtu frá byggð í öðrum sveitarfélögum.

Ábyrgðarleysi að nýta landið ekki vel

Gunnar segir uppbygginguna hafa verið svo hraða að helsta vandamál Kópavogsbæjar, eins og annarra sveitarfélaga, hafi verið að fá verktaka og mannskap í vinnu. „Á þessum uppgangstímum hafa margir farið að starfa sjálfstætt og horfið inn í virkjanirnar. Hagnaðurinn sem hefur verið í þessum bransa hefur verið nánast óeðlilegur, en sú rjómatíð sem verið hefur á ekki eftir að halda áfram; þetta á eftir að þróast yfir í normal ástand. Annað sem hefur einkennt skipulagið hér í Kópavogi er bygging háhýsa. Ég segi að það sé framtíðarsýn. Nú er að verða búíð að byggja hér öll niðurlöndin og það er verið að byggja út í sjó, inní Hafnarfjarðarhraun, upp við Reynisvatn og Vatnsenda. En það er ákveðið ábyrgðarleysi að nýta landið ekki vel. Innviðirnir verða mun dýrari ef byggðin er dreifð. Ef þú hefur fleiri íbúa per hektara, nýtirðu allar þjónustustofnanir betur.

Hér í Kópavogi höfum við lagt áherslu á að halda gamla bænum sem miðbæ. Hér erum við með helstu stjórnsýsluna og helstu menningarstofnanir bæjarins; bókasafnið, Salinn og Gerðarsafn og nú erum við að undirbúa byggingu óperuhúss, þar sem verða þrjú svið og aðalsalurinn tekur sjö til átta hundruð manns í sæti. Við erum afar stolt af tónlistarhúsinu okkar, Salnum, sem tekur þrjú hundruð manns í sæti. Við áætluðum að láta bæði Salinn og Gerðarsafn tengjast óperunni. Til þess þarf að reisa veitingahús, kaffihús og útvega ýmsa þjónustu. Líkurnar á því að óperuhúsið hér verði að veruleika eru sífellt að aukast. “



Nýja stúkan á Kópavogsvelli þegar Kópavogslíðin Breiðablik og HK léku. (Mynd: Þór Jónsson)



Kópavogur stækkar óðum og nemur ný lönd. (Mynd: Krissy)



Við Smáralind. (Mynd: Krissy)



Gunnar I. Birgisson á bæjarstjórnarskrifstofnunni. (Mynd: Brynhildur Gunnarsdóttir)



Usss

... *hljóðlátasta uppþvottavélin er komin!*

Nýju uppþvottavélarnar frá Whirlpool eru hljóðlátari en áður hefur þekkt og að auki hlaðnar möguleikum

- **Super Silent** – hljóðlátasta uppþvottakerfið í dag - aðeins 39dB
- **6th Sense** – sjálfvirkt þvottakerfi – sparar allt að 30% orku, vatn og tíma
- **Multizone** – hægt er að þvo leirtau í hluta vélarinnar – sparar rafmagn, vatn og tíma
- **PowerClean** – öflugt 32 stúta vatnskerfi – hreinsar leirtau betur en áður hefur þekkt




Fæst í hvítu, stáli eða til innbyggingar!



Whirlpool ADP7979/1

- 60sm, 12 manna UPPÞVOTTAVÉL
- 7 kerfi þar á meðal hljóðlátt kerfi
- Sótthreinsandi Antibacteria kerfi
- Autosensor sem nemur hve mikið er í vélinni
- 6th Sense sem nemur óhreinindi í vatninu
- Multizone – hægt er að þvo í hluta vélarinnar
- Stillanleg efri grind
- Hljóðlát aðeins 39 dB (A) á hljóðlátu kerfi, annars 44dB
- Kerfisveljari rafeindastýrður
- Skjár sem sýnir tíma sem er eftir
- Hægt að stilla fram í tímann
- Lætur vita ef gljáefni vantar
- Vatnsflæðivörn
- Þrír spaðar dreifa vatni í vélinni auk PowerClean
- Þurrkar með hita frá elementum
- Er með sérstaka viftu fyrir hraðari þurrkun
- Þvott hæfni A
- Orkunýtni A
- Þurrkgeta A



REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
EYRARVEGI 21
480 3700

SELFOSS
GARDARSBRAUT 18A
464 1600



Heimilistæki

ht.is

Ný og helmingi stærri verslun EPAL

Það hefur ekki farið framhá neinum sem leið hefur átt um Skeifuna í haust að eitthvað mikið er að gerast hjá EPAL í Skeifunni 6. Þegar skyggir er rétt eins og fljúgandi diskur hafi sest ofan á EPAL húsið og ljósgeislarnir streyma út um risastóra glugga „stjórnklefans“ á annarri hæð. Laugardaginn 3. nóvember milli kl. 10 og 16 verður viðskiptavinum EPAL boðið að koma og kynna sér hvað þarna er á seiði og eitt er víst, menn eiga ekki eftir að verða fyrir vonbrigðum!

Eyjólfur Pálsson, framkvæmdastjóri og aðaleigandi EPAL, segir að undanfarna mánuði hafi verið unnið að því að byggja ofan á húsið. Við það stækkar rýmið sem EPAL hefur yfir að ráða um 870 fermetra, í 1500 fermetra. „Erum arkitektar á Grensásvegi hönnuðu breytingarnar og Jón Þórisson hefur verið aðalarkitekt verksins en Ístak sér um framkvæmdirnar,“ segir Eyjólfur. „Nýbyggingin er stálgrindahús og stálgrindin er öll sýnileg. Á hana er klædd 14 cm þykk einangrun með gráum málmplötum utan en hvítum innan svo um leið og húsið hafði verið reist voru útveggir þess tilbúnir, fullmálaðir og klárir. Á efri hæðinni eru sjö metra breiðar svalir yfir versluninni og í miðjunni verður tíu metra loft-hæð með 80 fermetra ofanljósi. Á gólfum efri hæðarinnar eru 30 cm breið og 28 mm þykk Douglas furu borð. Þau verða lútuð og hvítþvegin svo yfirbragðið verður mjög skandínávískt. Á gólfi neðri hæðarinnar verða sem fyrr sísalteppi.“



Eyjólfur Pálsson, Dagur Eyjólfsson og Kjartan Páll Eyjólfsson. Eyjólfur segir að þeir Dagur og Kjartan Páll muni koma með nýja sýn á reksturinn, enda hafa þeir sagt stund á markaðsfræði, stjórnun og fjármálafræði í Bandaríkjunum.

Nýjar deildir – stærri deildir

Það gefur auga leið að við þessa miklu stækkun eiga viðskiptavinir eftir að sjá ýmsar breytingar í EPAL. Gjafavörudeildin stækkar til muna en verður áfram á neðri hæðinni. Þar verður einnig að finna flest það sem fólk kemur til að kaupa dagsdaglega. Sérstök barnadeild verður þarna líka og í henni barnavörur frá hinum ýmsu birgjum verslunarinnar. Rúmadeildin sem var í kjallaranum færist nú upp á efri hæðina. Þar verða norsku Wonderland rúmin sem seld hafa verið í EPAL í 10 ár og einnig Auping rúm



Það er engu líkara en fljúgandi diskur hafi sest ofan á EPAL húsið.

frá Hollandi. Þau eru einhver vönduðustu rúm sem í boði eru, hönnuð af hönnuðum frá ýmsum löndum. Á næsta ári kemur nýtt Auping rúm á markaðinn sem þekktur skandínávískur hönnuður hefur hannað.

Á svölunum verða húsgagna-

uppstillingar og fyrir innan stóra gluggann sem snýr út að götunni mun fólk geta sest niður, fengið sér kaffi og skoðað hönnunarbækur m.a. úr bókasafni Eyjólf Pálssonar. Á hæðinni verður enn fremur ljósadeildin og ný 45 fermetra sérdeild með vörum

danska fyrirtækisins Kvadrat sem framleiðir gluggatjöld og áklæði.

Nýr aðstoðarframkvæmdastjóri

Umsvifin í EPAL hafa aukist mikið þau 32 ár sem verslunin hefur starfað. Eyjólfur segir að helmingur sölunnar hafi verið til stofnana og fyrirtækja og ætlunin sé að skerpa enn á þeim þætti. „Starfsmenn eru 24 talsins, þar af fjórir innanhúshönnuðir, enda er mjög mikilvægt að menn fái faglega þjónustu og einmitt þess vegna starfa hér t.d. tveir starfsmenn sérhæfðir í ljósum og rafmagnsvörum.“ Um áramótin kemur Kjartan Páll Eyjólfsson til starfa í EPAL og verður hægri hönd Eyjólf, föður síns, við reksturinn. Kjartan hefur verið framkvæmdastjóri í Ölgerð Egils Skallagrímssonar og lærði markaðsfræði í Bandaríkjunum. Eyjólf til aðstoðar er, og hefur verið að undanförunu, sonur hans Dagur sem hefur einnig lokið námi í Bandaríkjunum í stjórnun og fjármálafræði. „Það er spennandi að fá með þessum ungu mönnum nýja sýn í stjórnunina í EPAL,“ segir Eyjólfur



STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT

Sími 567 7570



Sjáumst í vetur!

- ENDURSKIN, ÖRYGGI, ÞÆGINDI

Nýjar og spennandi heilsársflukur með endurskini. Vatnsþéttar, vindheldar, anda vel og eru sérlega slitþolnar. ATH! Sérmerkjum fatnað og sendum hvert á land sem er.

DYNDJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3 - Sími: 588 5080
dynjandi.is

LENGDU SUMARIÐ ...


www.pgv.is

SÓLSTOFUR · GLUGGAR · HURÐIR · SVALALOKANIR · GLER · SPEGLAR

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- FLJÓTLEGT Í UPPSETNINGU
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfrjár sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU



pgv

Bæjarhrauni 6, 220 Hafnafjörður
Ægisbraut 30, 300 Akranes
Sími: 456 2000 • Fax: 564 6081 • www.pgv.is

“Góð skrifstofuhúsgögn eru skilyrði fyrir góðu starfsumhverfi og ánægðum starfsmönnum”

- segir Einar Gylfason, forstjóri E G Skrifstofuhúsgagna

E G Skrifstofuhúsgögn var stofnað í apríl 1996 og verslunin Ármúla 20 var opnuð 1. ágúst sama ár. Eigendur eru hjónin Einar Gylfason og Sigríður Magnúsdóttir. Fyrirtækið flutti í eigið húsnæði að Ármúla 22 í október 2003 og um leið var nafni þess breytt í E G Skrifstofuhúsgögn sem lýsir betur vöruvæði þess. Markmið E G Skrifstofuhúsgagna er að sjá fyrirtækjum fyrir húsbúnaði. Stefnt er að því að hafa afgreiðslutíma stuttan og þjónustuna góða auk þess sem vörur séu smekklegar, traustar og á hagstæðu verði. Boðið er upp á teikniþjónustu án endurgjalds og felur það í sér að sölumaður kemur og máltekur, teiknar og gerir fast og bindandi tilboð miðað við uppsett húsgögn. Einnig er hægt að fá skrifborðsstóla lánaða til prufu í viku án skuldbindinga. Fyrirtækið býður fyrst og fremst upp á fjölbreytt úrval stóla, skrifborða, skápa, skermveggja auk tafna.

Einar Gylfason, forstjóri, segir að hann hafi selt húsgögn og leikið sér í húsgagnaverslun frá barnæsku en hann er sonur annars tveggja eigenda húsgagnafyrirtækisins Ingvars & Gylfa. Fyrir liðlega 20 árum hóf hann störf í húsgagnadeild Pennans og síðan við fjármálastjórn og var þar í ein 10 ár. Þaðan fór hann til GKS trésmiðju sem var þá stærst sinnar tegundar á markaðnum og starfaði þar í 3 ár, eða þar til hann stofnaði eigin fyrirtæki. Öll árin sem E G Skrifstofuhúsgögn hafa verið á markaðnum hefur verið vöxtur í fyrirtækinu.

“Mig langaði til að fara að gera

eitthvað fyrir sjálfan mig og við hjónin vorum tilbúin að fórna einhverju í þá tilraun, gerðum allt eins ráð fyrir að tapa í þeirri viðleitni, en gangurinn hefur aðeins verið upp á við öll þessi ár. Við erum nú í 530 m². Konan vinnur hér líka, sér um bókhaldið,” segir Einar Gylfason.

- Þið hafið allt frá upphafi lagt áherslu á að vera með vörur sem viðskiptavininum líður vel í, á eða við, þ.e. hvort sem um setið er í stólum eða setið við borð. Hefur það verið svolítið vörumerki fyrirtækisins?

“Já, við hugsum mikið um það, að vörurnar passi inn í það umhverfi eða húsnæði þar sem á að nota þær og vinnuástandan sé þægileg, góð og heilsuven. Þeir stólar sem við erum að selja eru markaðssettir sem slíkir stólar, þ.e. miðað við heilsuvænar lausnir, en séu jafnfram góð, traust og sterk vara. Norsku stólarnir frá HÅG eru með 10 ára ábyrgð og það er eilífðarábyrgð á hæðarpumpum stólanna og flest skrifborðanna bera 5 ára ábyrgð, en þau koma mjög víða að, s.s. frá Danmörku, Póllandi og Spáni.

Ég fer á vörusýningar og fylgist með markaðnum og hef náð þeim samböndum sem ég hef gegnum slíkar sýningar. Ákveðnar sýningar eru leiðandi í skrifstofuhúsgögnum, einna helst í Þýskalandi. Nú eru vörur frá Kína að flæða inn á markaðinn en gæði þeirra stenst engan samanburð við það sem við þekkjum frá evrópskum fyrirtækjum. En vissulega er þetta ódýr vara, og einhverjir horfa til þess. Ég læt mína viðskiptavini alltaf vita af því að þeir séu að kaupa vöru frá Kína, gæðin séu oft



ekki í samræmi við útlit vörunnar. Ég vil frekar missa viðskipti eða viðskiptavini fremur en að hann verði óánægður með þá vöru sem hann er að kaupa hér hjá okkur. Ef viðskiptavinur er t.d. að kaupa skrifborðsstól spyr ég undantekningalaust hvornig á að nota hann og hvar. Sölumennska er ekkert annað en þjónusta.”

- Kemur fólk hér hinn vegna þess að það er slæmt í baki og vantar stól sem hentar því vegna þess?

“Já, hingað koma margir á þeim forsendum. Hingað kemur líka fólk sem er sent hingað af sjúkrahúsfurum, og við höfum líka verið hér með fyrirlestra hér í versluninni og verið þar með þekktu fyrirlesara á sviði sjúkrahúsfurunar.”

Þeim fækkar sem sitja á slæmum stólum

Einar segir að um 95% af viðskiptum verslunarinnar sé við stofnanir og fyrirtæki, ekki sé mikið um einstaklinga, en að sjálfsögðu fái þeir bestu mögulegu þjónustu eins og fyrirtækin. Rammasamningar opinberra fyrirtækja og borgarfyrirtækja veita þeim verulegan viðskiptaafslátt enda oft um stór viðskipti að ræða. Svo er prútt að um verð, jafnvel daginn út og inn og telur

Einar að báðir aðilar gangi sáttir frá borði.

Engin sérstök vara í búðinni býr að þeim forréttindum að geta kallast stolt búðarinnar, en stærsta og besta vörumerkið er líklega HÅG-stólarnir frá Noregi sem hafa staðið viðskiptavinum verslunarinnar frá upphafi, en HÅG er stærsta stólaframtæki á Norðurlöndunum og byggja mikið á því “consepti” að vera heilsuvenir og með 10 ára ábyrgð, á skrifstofu- og ráðstefnustólum. Góð skrifstofuhúsgögn eru skilyrði fyrir góðu starfsumhverfi og ánægðum starfsmönnum. Fyrirtækið lánar gjarnan stóla í úm vikutíma til þess að kaupandi fái að reyna þá áður en kaupin eru gerð. Dæmi eru þess að fólk hafi setið árum saman í slæmum stól, jafnvel biluðum, og uppgötvar ekki hvornig góður stóll er fyrr en það reynir einn slíkan. En þeim fækkar.

HÅG-stólarnir stærðarstillanlegir

“Skrifstofustóll sem endist í 15 ár er kannski notaður af þremur starfsmönnum sem eru mismunandi að líkamsþyngd og hæð, en hefur kannski ekki verið stærðarstilltur fyrir hvern og einn. Það er stóri kosturinn við HÅG-stólana að þeir eru stærðarstillanlegir, og oft bara eitt handtak. Þannig gætu tveir notendur verið með sama stólinn, annar fyrir en hinn

eftir hádegi, og báðir still stólinn eftir sínu höfði án vandræða.”

- Hvort er algengara að fólk kaupi skrifstofuhúsgögn eftir auganu, þ.e. lætur fegurðarsmekkinn ráða, eða lætur hagkvæmni og heilsusjónarmið ráða?


“Það er ákveðin blanda af því að hvornig húsgögnin passi inn í rýmið, hvornig þau líta út og hvornig þau fara með líkamann. Sumir eru jafnvel að biðja um stóla sem eru með of litla krossa, og það er ólöglegt. Ef ekki er pláss fyrir krossinn undir stólum er heldur ekki pláss fyrir þig. Það er mikið atriði að hjálpa fólk út úr ákveðinni villu, aðhæfa húsgögn að plássinu.”

- Eru vörurnar hér dýrar?

“Þær eru frekar ódýrar og flestir okkar viðskiptavina eru með góða kostnaðarvitund, þeim er falið að kaupa vörur innan ákveðins kostnaðarramma. Þess vegna koma þeir hingað til okkar. Við erum að ná um 50% af þeim tilboðum sem við gerum, og það er mjög ásættanlegt hlutfall því það eru harðir samkeppnisáðilar á markaðnum. Við erum með verðin í lægð en þjónustuna og gæðin fyrsta flokks,” segir Einar Gylfason, forstjóri E G Skrifstofuhúsgagna í Ármúlanum.



VELFAC®



Gluggar fyrir lífið

Velfac gluggar eru hannaðir og framleiddir með hámarks endingu í huga.

Betri ending þýðir einfaldlega minna viðhald og lægri kostnað þegar fram líða stundir. Hönnunin er einföld og stílhrein sem gerir það að verkum að Velfac gluggarnir fara aldrei úr tísku.

- **Ál-tré gluggar**
- **Lágmarks viðhald**
- **Falleg og tímalaus hönnun**
- **Aukin vörn gegn innbrotum**
- **15 ára reynsla á Íslandi**
- **10 ára ábyrgð**



www.formaco.is

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · formaco@formaco.is

formaco

Einar Farestveit & Co. hf.

Kynna fyrstir í Evrópu stóru KitchenAid heimilislínuna

Það fer vel á því að KitchenAid valdi Ísland til að kynna fyrst í Evrópu nýja línu í stórum heimilistækjum. KitchenAid nafnið er svo samofið íslenskum heimilum þar sem KitchenAid hrærivélin hefur í marga áratugi verið langmest selda og notaða heimilistæki á íslenskum heimilum.

Einar Farestveit & Co.hf. er gamalgróid fyrirtæki var stofnað 1. apríl 1964 af Einari Farestveit og fjölskyldu hans. Fyrirtækið hóf starfsemi sína með innflutningi og þjónustu á báta- og skipavélum og ýmsum búnaði tengdum sjávarútvegi ásamt sjónvarps-, hljómflytnings- og heimilistækjum. Fyrirtækið var um langt árabíl leiðandi í sölu og þjónustu á stærri dieselvélum fyrir skip og togara. Á miðjum níunda áratugnum fór fyrirtækið að leggja megin áherslu á innflutning og sölu á rafeindatækjum, lækningatækjum, hitatækjum fyrir heimili og iðnað ásamt heimilis- og sjónvarpstækjum. Einar Farestveit hefur skapað sér nafn á Íslandi með sölu á gæða-

vörum sem það hefur umboð fyrir og lagt sig eftir persónulegri þjónustu. Þegar örbylgjuofnarnir hófu innreið sína á sínum tíma rak fyrirtækið matreiðsluskóla og kennslu á ofnana og var fyrirtækið þá með allt að 23% markaðshlutdeild með Toshiba örbylgjuofna. Þá má geta þess að fyrirtækið er með stóra markaðshlutdeild á sumum sviðum lækningatækja og er í dag eitt af leiðandi fyrirtækjum á sviði örgyggismyndavélakerfa, sjónvarptækja og DVD.

KitchenAid á Íslandi frá 1936

Þráinn Bj. Farestveit, sölu- og markaðsstjóri hjá Einari Farestveit segir Íslendinga hafi snemma kynnst KitchenAid: “Fyrst og fremst voru það hrærivélarnar frá Kitchen Aid sem voru þekktar, en Kitchen Aid hrærivélaranar hafa oftar en ekki gengið í erfðir hjá fjölskyldum síðustu sjötíu árin enda mjög endingargóðar. Kitchen Aid hefur í gegnum tíðina einnig framleitt önnur heimilistæki allt frá brausristum upp í þvottavélar, ofna, uppþvottavélar, háfa, ískápa og margt fleira.”



Þráinn Bj. Farestveit, sölu- og markaðsstjóri segir fagnaðarefni að stóru KitchenAid heimilistækini fái nú aftur.

Reglur frá Evrópusambandinu urðu til þess að nánast ekkert var flutt af stórum tækjum frá KitchenAid í nokkur ár vegna mismunandi spennu. En þegar KitchenAid vörur voru fluttar til Evrópu frá Bandaríkjunum eftir stríðið voru settir straumbreytar við tækin, en með Evrópu reglunum var tekið fyrir það og fékkst ekki heimild til að flytja inn vörurnar með þessum hætti og þar með lokaðist á stóru tækin frá KitchenAid til Evrópu.

Síðustu tíu ár hefur verið lögð mikil vinna í að koma vörunum aftur á markaðinn í Evrópu og um leið var verið að þróa vörulínu í takt við þarfir evrópubúa hvað varðar útlit og hönnun heimilistækja.

Kitchen Aid hefur ávallt lagt mikið upp úr hönnun. Tæki frá þeim eru á hinu heimsþekta Museum of Modern Art í New York. Þar er hrærivélin á virðingarstalli. Og nú eru stóru heimilistækini aftur fánleg í Evrópu: “Í dag erum við með alla línun frá KitchenAid,” segir Þráinn, “og



þar má nefna ofna, örbylgjuofna, helluborð, ísskápa, háfa, nýstárlegar uppþvottavélar, hitaskúffur undir ofna, kæliskúffur og kaffivélar ásamt áhaldaskúffum með sérstökum KitchenAid áhöldum.”

Kostir KitchenAid eru margir að mati Þráins: “Það sem er einstakt við tækin er í fyrsta lagi að þau eru öll framleidd úr stáli sem heitir Nano og er allt öðru vísi viðkomu en hefðbundið stál. Það er ekki svokallað snertifrítt stál sem er lakkað heldur er það búið sömu eiginleikum og drekkur ekki í sig fitu eða handfitu og er mjög þægilegt að þrifa og við erum með miklar væntingar varðandi KitchenAid, enda frábærar vörur í mörgum gerðum heimilistækja.”

Hrærivélin orðin partur af þjóðsögunni

KitchenAid er eitt þekktasta merki Bandaríkjanna í heimilistækjum. Allt hófst þetta með fyrstu hrærivélinni. Verkfræðingurinn Herbert Johnston fylgdist með bakara hræra brauðdeig með þungri járnскеið. Hann leiddi

hugann að því hvort ekki væri til auðveldari leið. Þetta var árið 1908 og lét hann reyna á verkfræðikunnáttu sína og þróaði vél sem í raun varð fyrsta hrærivélin sem sett var á markaðinn. Hrærivélinni var strax vel tekið og var hún fljótt notuð sem staðalbúnaður í öllum skipum bandaríska flotans.

Ellefu árum síðar réðust verkfræðingar hjá Hobart fyrirtækinu í það verkefni að þróa hrærivél til heimilisnota. Þegar eiginkonur yfirmanna Hobarts prófuðu vélina sagði ein þeirra. “Mér er sama hvað þið kallið hana en þetta er besta eldhúshjálpin (kitchen aid) sem ég hef fengið”. Og þar með kom nafnið sem fljótt varð heimsþekkt.

Þess má geta að fyrir síðari heimsstyrjöldina hannaði frægt hönnuður Egmont Arens (hannaði kóflöskuna) nýtt útlit hrærivéllanna. Var um þrjár gerðir að ræða sem hann hannaði, sem eru svo að segja óbreyttar enn þann dag í dag og orðið að sígildu tákn eldhússins.



Það eru mikil tíðind fyrir KitchenAid unndendur og aðra matgæðinga að séu komin aftur. Þau fást í verslun Einars Farestveit að Borgatúni 28.



Falleg baðherbergi - með niðurfalli frá Unidrain

Unidrain hefur hannað nýja og glæsilega lausn. Með því að færa niðurfallið upp að vegg er vandamál vegna vatnshalla úr sögunni. Einnig gerir það baðherbergið fallegt og auðveldar flísalögnina.

Ef þig dreymir um nýjar hugmyndir á baðið, þá erum við hjá Tenggi með lausnina fyrir þig. Nútímaleg og falleg hönnun frá Unidrain.

Komið í verslanir okkar og fáið upplýsingar um Unidrain niðurföllin, í hugum flestra er Unidrain einfaldlega betri lausn.



unidrain[®]
NEW STANDARD IN FLOOR DRAINS

Húsaco – Bohemia

Innflytjendur í útrás

Húsaco ehf. í Kópavogi er ört vaxandi heildsala sem flytur inn húsgögn, innréttingar og raftæki. Félagið rekur jafnframt verslunina Bohemia og á næstu misserum hyggst Húsaco hasla sér völl á erlendum mörkuðum. Í farvatninu eru kaup á húsgagnaverksmiðju í Kína en starfsmannaföldi versmiðjunnar er hálf fjórða hundrað.

Hjónin Davíð Torfi Ólafsson og Særún Harðardóttir reka heildsöluna Húsaco (husaco.is) og verslunina Bohemia (bohemia.is) en hvoru tveggja er til húsa að Akralind 4 í Kópavogi. Á meðal vöruflokka eru innréttingar, t.d. í eldhús, baðherbergi og svefnherbergi; húsgögn, til að mynda í eldhús og stofur en einnig garðhúsgögn. Þá eru líka á boðstólum ýmis raftæki svo sem kæliskápar, þvotta- og uppþvottavélar, vínkælar og nuddpottar.

Húsaco hefur vaxið ört að undanförunu en á meðal öflugra birgja fyrirtækisins eru framleiðendur sem selja vörur til margra stærstu og virðulegustu hótela og veitingastaða heims. Sem stendur er Húsaco að ljúka við að innrétta veitingastað í nýja turninum á Smáratorgi en Húsaco sá jafnframt um nær allar innréttingar og aðrar vörur í viðbyggingu


Grand Hótel Reykjavík sem tekin var í notkun á dögnum

Útrásarverkefni í Kína


Stjórnendur Húsaco eiga í viðræðum um kaup á húsgagnaverksmiðju í Dongguan-borg í Kína en kaupin eru áfangi í útrás fyrirtækisins á markaði í Evrópu og Bandaríkjunum. Hjá verksmiðjunni starfa nú um 350 manns en Húsaco hefur jafnframt stofnað fyrirtæki í Hong Kong sem annast mun útflutninginn frá Kína.

Fram til þessa hefur Húsaco einkum flutt vörur til Íslands og Bahamas en Davíð Torfi, annar eigenda Húsaco, segir augljósa hagkvæmni felast í því að geta jafnframt stjórnað framleiðslunni. „Að auki er umrædd verksmiðja nú þegar með traust viðskiptasambönd bæði í Evrópu, Bandaríkjunum og Austurlöndum nær og það mun gagnast okkur vel, ekki síst hvað varðar hótél- og veitingahúsakeðjur,“ segir Davíð Torfi.

Verslunin Bohemia var opnuð fyrr á þessu ári en þar gefur meðal annars að líta margar af þeim vörum sem Húsaco flytur inn. Nú í nóvember og desember verða svonefndir Culina-dagar í versluninni og þá verður veittur afsláttur af öllum innréttingum og viðskiptavinum veitt endurgjaldslaus ráðgjöf.



Þar má t.d. nefna að Húsaco sá að mestu leyti um allar innréttingar í nýreist Grand Hótel. Nú er fyrirtækið að ljúka við veitingastað í turninum á Smáratorgi.



ENGAR HÖLDUR, ENGIR GRIPLISTAR



**Þú einfaldlega ýtir létt á skúffuna
og hún rennur sjálfkrafa út**

ALNO®

LEIÐANDI Í FRAMLEIÐSLU INNRETTINGA SÍÐAN 1927



Aftur við Grensásveg

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

Grensásvegi 8 • 108 Reykjavík

s. 553 6400 • f. 553 6403 alno@alno.is <http://www.alno.is>



Séð yfir Vellina Fullbyggð eiga svæðin sunnan Reykjanesbrautar, Vellir, Ásland og Hamranes, að rúma um 18 þúsund íbúa.

HRÖÐ UPPBYGGING Í HAFNARFIRÐI

Á síðastliðnum 20 árum hefur íbúaföldi Hafnarfjarðar nærri tvöfaldast. Uppbygging í bænum er hröð, bæði hvað varðar íbúðarhúsnæði og iðnað, en allt að 800 íbúðir eru að jafnaði byggðar þar árlega. Dr. Bjarki Jóhannesson, sviðstjóri hjá skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar, segir hér nánar frá þróuninni.

„Sala á nýjum íbúðum hefur gengið vel og það er einnig mikil eftirspurn eftir einbýlishúsalóðum. Nýjasta íbúðarhverfi bæjarins er á Völlum, sem er blandað hverfi sem hefur verið í byggingu síðan 2002,“ segir Bjarki og bendir á að samkvæmt aðalskipulagi sem samþykkt var í fyrra er bærinn vel undirbúinn fyrir enn meiri fjölgun.

Íbúar vallarhverfisins eru nú nærri 5000 talsins en fullbyggð eiga svæðin sunnan Reykjanesbrautar, Vellir, Ásland og Hamranes, að rúma um 18 þúsund íbúa. Alls eru byggingaráfangar svæðanna 14 talsins og munu þeir byggjast upp

hver á fætur öðrum í takt við þörf og ásókn. „Núna er verið að skipuleggja sjöunda áfanga Vallarhverfisins og verða lóðir þar auglýstar fljótlega,“ segir Bjarki. Þar er m.a. gert ráð fyrir 100 manna hjúkunarheimili og leikskóla en einnig verður boðið upp á öðruvísi útgáfu af fjölbýlishúsum en hingað til hefur þekkt í Hafnarfirði. Fjölbýlishúsin verða byggð í kringum græn svæði, svokallaða innigarða sem er lyft upp um hálfu hæð frá götu en undir húsunum verður bílakjallari. Með þessu móti næst bæði mikið skjól og gott leiksvæði fyrir börn. Verið er að skipuleggja fyrsta áfanga Hamraneshverfis í beinum tengslum við það. Forsenda stækkunar á hverfinu er þó sú að háspennulínur sem liggja þvert yfir hverfið í átt til Straumsvíkur verði grafnar í jörð en samningaviðræður við Landsnet um framkvæmd verksins standa yfir.

Við ífróttahús Hauka á Völlum er einnig heilmikil uppbygging í gangi en þar er að rísa verslunar og þjónustuverfi.

Íbúabyggð í miðbænum

Miðbær Hafnarfjarðar, sem er annar að tveimur gömlum miðbæjum á höfuðborgarsvæðinu, er einnig í þróun. Á Norðurbakkanum, sem er fyrrverandi hafnarsvæði, er bygging íbúða- og verslunarhúsnæðis langt komin en einnig stendur til að byggja íbúðarhúsnæði við Strandgötuna sem og á fleiri reitum í tengslum við miðbæinn.

„Yfirleitt skapast mikil umræða um framkvæmdir í gamla bænum og íbúar hafa miklar skoðanir á því sem gert er á því svæði,“ segir Bjarki og bendir á að sérstaða Hafnarfjarðar felist að miklu leyti í þessum gamla kjarna, sem á sér bæði sérstæða sögu og landslag, og hann vilja bæjaryfirvöld varðveita. Hann heldur áfram; „Á gamla Slipparsvæðinu erum við að skoða þann möguleika að Slippurinn fari og í staðinn komi blönduð byggð með íbúðum og verslunar-, þjónustu- og afþreyingarstarfsemi. Menn sjá jafnvel fyrir sér tónleikasal með útsýni út á sjó en þessar hugmyndir eru allar stutt á veg komnar.“



Öðruvísi fjölbýlishús Í nýjasta áfanga Vallarsvæðisins verður boðið upp á fjölbýlishús með innigörðum sem er lyft upp um hálfu hæð frá götu.

Á hafnarsvæðinu hefur ákveðinn aðili keypt upp nokkuð mikið magn af eignum og hefur áhuga á því að byggja þar íbúðarhús, en enn er ekki ljóst hvort þau áform ganga upp þar sem svæðið er í dag skilgreint sem hafnarsvæði. Þar er íbúðarbyggð ekki leyfð, þó svo eitthvað hafi verið um ólöglega búsetu á svæðinu, en nokkrir hlutar svæðisins þarfnast endurnýjunar við. Íbúðarbyggð er hins vegar að rísa þar stutt frá í svokölluðu Lónshverfi þar sem áður stóðu olíutankar. Í heildina eru því 800 íbúðir í byggingu í

miðbænum, á Norðurbakkanum og í Lónshverfinu.

Ásókn í iðnaðarhverfin

Vöxtur hefur þó ekki eingöngu verið í íbúðabyggð því mikil ásókn hefur líka verið í lóðir í iðnaðarhverfum Hafnarfjarðar. Syðst í bænum hefur verið að mótast mjög stórt atvinnusvæði og er það í dag stærsta samfellda iðnaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

„Við skiptum iðnaðarsvæðinu við Selhraun, Hellnahraun og Kapelluhraun í þrennt. Fyrsti áfangi hverfissins er ætl-

aður fyrir skrifstofur, þjónustu og mjög léttan iðnað, svo kemur svæði með venjulegum iðnaði og þriðji hluti hverfissins er fyrir þyngri iðnað sem getur haft einhverja mengun í för með sér, en það svæði er staðsett á móti Álverinu.“ Akstursíþróttasvæði, með rallykrossbraut, ökuhermi fyrir ökukenndu og æfingarsvæði fyrir skotsveiðimenn, brýtur síðan iðnaðarbreiðuna upp og gefur hverfinu aukinn fjölbreytileika.

Í eldri iðnaðarhverfunum við Reykjavíkurvegin hafa verið töluverð uppbygging og endurnýjun. Nýlega reis þar hótél sem og stór bogadregin glerbygging, sem hýsir skrifstofur og verslanir. Telur Bjarki að á þessu svæði verði hægfara endurnýjun næstu árin.

Fornleifaskráning mikilvæg


Talið berst að stærsta iðnaðarfyrirtæki bæjarins, Álverinu í Straumsvík, og fyrirhugaðri stækkun þess. „Stækkun álversins var hafnað og málið er í biðstöðu. Fyrirtækið keypti land fyrir sunnan álverið, en hvað þeir gera við þá lóð ef ekkert verður af stækkun álversins er óljóst,“ segir Bjarki og ítrekar að engar áætlanir um stækkun séu komnar inn á borð hjá þeim.

Fyrir vestan álverið í Straumsvík segir Bjarki að hugmyndir séu uppi um nýtt hafnarsvæði en á miðöldum var þar mikil verslunarhöfn. Málið er hinsvegar viðkvæmt þar sem mikið af náttúruminum er á svæðinu.

„Við leggjum mikið upp úr því að umgangast fornleifar og náttúruminjar vel og er Hafnarfjörður mjög framarlega á því sviði. Forsenda alls skipulags er sú að fornleifar séu skráðar og bærinn er því með fornleifafræðing í fullu starfi við skrásetningu á slíkum minjum,“ segir Bjarki, sem veit ekki til þess að fordæmi fyrir slíku sé hjá nágrennasveitarfélögum.

Eitt er ljóst að mikið er að gerast í skipulags- og byggingarmálum í bæjarfélaginu og margar hugmyndir á teikniborðinu. Áhugasamir geta kynnst sér málin nánar á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is en þar eru bæði teikningar af aðalskipulagi og deiliskipulagi bæjarins að finna.

Blómlegur bær Hafnarfjörður stendur í blóma og þar er mikil uppbygging að sögn Bjarka Jóhannesar hjá skipulags- og byggingarsviði bæjarins. Ný hverfi spretta upp en eldri hverfi eru einnig í þróun. (mynd Ingó)



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005 – 2025 Lesa má nánar um skipulagsmál Hafnarfjarðar á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Þetta er efst á baugi í skipulags- og byggingarmálum Hafnarfjarðar:

- Í miðbænum

Hátt í 800 íbúðir eru í byggingu í Lónshverfi og við Norðurbakka. Við Strandgötu er áætlað að íbúðarhúsa rísi og einnig á fleiri reitum tengdum miðbænum. Hugmyndir eru uppi um blandaða byggð á Slipps- og endurnýjun á hafnarsvæðinu.

- Í Vallarhverfi:

Lóðir í 7. áfanga vallarhverfis verða fljótlega

auglýstar til sölu, og næsta hverfi, 1. áfangi Hamraneshverfis er á teikniborðinu.

- Iðnaðarhverfi:

Við Hellnahraun og Kappelluhraun er þrískipt iðnaðarhverfi í uppbyggingu. Fyrirtækjum er útteilt lóðum eftir starfsemi. Þannig er þungaiðnaður á sérsvæði, venjulegur iðnaður annarsstaðar og léttari iðnaður er hafður saman. Akstursíþróttasvæði brýt-

ur iðnarsvæðið upp.

- Nýtt hafnarsvæði:

hugmyndir eru í skoðun um nýtt hafnarsvæði vestan við Álverið í Straumsvík.

- Gatnagerð:

Til stendur að færa Reykjanessbrautina við Straumsvík sunnar og verður það líklega gert hvort sem af stækkun Álversins verður eða ekki. Nýbúið er að end-

urbyggja Krísuvíkurvegin og tengja hann við Reykjanessbrautina. Vegur er fyrirhugaður fyrir ofan Vallarhverfið sem létta mun á umferð um Reykjanessbrautina

- Krýsvík:

Umræða er í gangi um það hvort Hitaveita Suðurnesja fái að bora þar tilraunaholur og hvort ferðaþjónusta verði byggð upp á svæðinu.





KROSSINN



SAMKOMUR Á SUNNUDÖGUM KL. 16.30.
LAUGARDÖGUM KL. 20.30 OG Á ÞRIÐJUDÖGUM KL.
20.00.

KROSSTV

PREDIKANIR OG FL. Á VEFVIDEO Á VERALDARVEFNUM Á
SLÓÐINNI WWW.KROSSINN.IS/TV

*Ert þú leið(ur) á
að skipta um perur?*

DÍÓÐULJÓ SIN FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA



et **EF** VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósín frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...



TRUCK - LITE

Ljósasamlökurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI

HÖGGPOLNAR

ENDAST OG ENDAST





Alhliða veflausnir fyrir stór og smá fyrirtæki,
stofnanir og einstaklinga



Vefsíður

DE.is leggur áherslu á að framleiða faglegar vefsíður á sanngjörnu verði.

Við höfum á að skipa þrautþjálfuðum hönnuðum og forriturum og bjóðum upp á lausnir sem henta hverjum og einum.

Vefumsjónarkefi, netverslanir, fréttakerfi, birgðakerfi, póstkerfi, þrívídd, margmiðlun, fjölbreytt myndakerfi og margt fleira. Okkar fólk er ekkert ofviða?



DesignEuropa

DE.is er frumkvöðull í hönnun og forritun netmiðla en DE.is fagnar 10 ára afmæli á næsta ári.

Höfuðstöðvar DE.is eru á Íslandi en DesignEuropa er einnig með starfstöðvar víðar í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu.



DVD og CD diskar

Á meðal nýjunga hjá DE.is er framleiðsla á DVD og CD diskum á betra verði en áður hefur þekkt á Íslandi.

Fyrirtæki geta nýtt sér þennan möguleika til að kynna starfsemi sína í margmiðlunarformi og listafólki, bæði einstaklingum og hópum, opnast nýjar og greiðfærar dyr í sölu á verkum sínum.

Við höfum hannað og framleitt hátt í **eitt þúsund** vefi
hérlandis og erlendis

Segir það sig ekki sjálfst hvert þú átt að snúa þér?



Við sköpum þér sérstöðu á Netinu!

☎ 586-2200

DESIGNEUROPA

✉ info@de.is



Flott heimili fyrir kröfuharða

Höfum lagt mikla áherslu á stór, björt og opin rými, segir Eyjólfur Gunnarsson hjá ÍAV um fjölbýlishúsin á Norðurbakkanum í Hafnarfirði

Á Norðurbakkanum í Hafnarfirði rísa nú glæsileg fjölbýlishús sem sannarlega henta þeim sem alltaf hafa látið sig dreyma um að búa við sjóinn. Íslenskir aðalverktafar eru að byggja þar fjögur hús og eru tvö þeirra farin í sölu, Norðurbakki 15, sem er fjögurra hæða lyftuhús með átta íbúðum og Norðurbakki 17, sem er fimm hæða lyftuhús með samtals þrjátíu íbúðum í þremur stigahúsum.

Eyjólfur Gunnarsson framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá ÍAV segir sölu á íbúðunum fara vel af stað og

almennt sé fólk sem hefur skoðað þær mjög hrifið. „Það skiptir töluvert miklu máli,“ segir hann, „að hafnirska arkitektastofan, Batteríið, sá um deiliskipulag á svæðinu. Þeir gerðu því alla möguleika sem deiliskipulagið býður upp á.“

Mikið lagt í lóðirnar

Húsin fjögur verða samtengd með sameiginlegum bílakjallara, þar sem eru 106 stæði vegna þess að sumum íbúðunum fylgja tvö stæði, auk þvottastæðis. Alls verða átta sigahús með tveimur eða þremur íbúðum á hæð í hverju stigahúsi. Innangengt

er úr bílageymslum inn í stígganga í kjallara húsanna. Auk þess eru bílastæði við húsinn sem eru hellulögð og afmörkuð með litabreytingu í hellulögn. Stígar eru heillulagðir. Tröppur utanhúss eru úr steinsteypu, stáli og timbri og snjóbræðsla er við aðalandyri húsanna sem og niðurkeyrslu að bílageymslu. „Við erum að leggja mikið í lóðina,“ segir Eyjólfur, „og höfum fengið landslagsarkitekt til að hanna hana. Á þaki bílageymsluhúss er sameiginlegur garður með leiksvæði, garðbekkjum og púttvelli. Við aðalinnganga og í aðkomu bílageymslu verða gróðurbeð,

grasflatir eru þökulagðar en púttvöllur er lagður gerfgrasi. Lýsing verður á bílastæðum og þakgarði bílageymslu.

Við hönnunina lögðum við mikla áherslu á að vera með stór, björt og opin rými. Við erum, til dæmis, með gólfhita í íbúðunum til þess að geta haft gólfhita glugga, auk þess sem í íbúðunum er hærra til lofts en gengur og gerist, eða 2.70 metrar. Síðan skilum við íbúðunum fullbúnum með öllum gólfefnum. Gólfplötur eru einangraðar til aukinnar hljóðeinangrunar. Gólf í forstofu, gangi, stofu, eldhúsi og svefnherbergjum eru parketlögð og getur kaupandinn valið um nokkrar viðartegundir. Í baðherbergi og þvottaherbergi eru gólf flísalögð, en veggir baðherbergja eru flísalagðir auk þess sem sökkulflísar eru á veggjum í þvottaherbergjum. Hvað innihurðir varðar, þá eru þær spónlagðar og er val um þrjár viðartegundir. Það á einnig við um innréttingar.“

Að minnka við sig

Eyjólfur segir húsin einangruð og klædd að utan með áli og harðviði og gluggar séu áklæddir timburgluggar og þarfnist því lágmarks viðhalds. Þegar hann er spurður hvers konar fólk hafi sé að sækja í íbúðirnar, segir hann stærsta hópinn vera fólk 45 ára og eldra. „Við ákváðum í

upphafi að stíla inn á fólk sem er að minnka við sig húsnæði, fólk sem kys þann lífsstíl að búa í viðhaldslitlu, vönduðu fjölbýli. Í þeim hópi ber mest á fólk sem er að minnka við sig húsnæði, fólk sem er að selja hæðir, raðhús, einbýli og vill losna við viðhald húss og vinnu við lóðir og garða. Þegar fólk er komið á þetta stig í lífinu, börnin farin að heiman og svo framvegis, þá er algengt að það vilji ekki vera bundið yfir alls konar viðhaldsmálum og garðavinnu. Það vill oft frekar nota tímann til að ferðast og njóta lífsins. Fólk er farið að vilja fara yngri á fjölbýli en áður og aldurinn er að færast töluvert niður.“

Þegar Eyjólfur er spurður hvað hann eigi við, segir hann að fólk sem hefur lengi búið í sérbýli, geri vissar kröfur, sem ekki sé endilega svarað í hefðbundnum fjölbýlishúsum. „Ef við tökum, til dæmis, hljóðeinangrunina,“ segir hann, „þá erum við með tvöföld gólf, þannig að það heyrast mun minna á milli hæða en ella. Það eru tvennar svalir með flestum íbúðunum og í þeim er loftskiptakerfi. Í hverri íbúð er myndyrasími sem er frágenginn og staðsettur í anddyri.“

Eyjólfur segir viðbrögðin við húsunum hafa verið mjög góð og salan farið vel af stað – enda ekki á hverjum degi sem glæsilegar íbúðir við sjóinn eru í boði.



Viðhaldsfriar

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfriiri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfriar“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða

Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki



HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4C

Box 281 202 Kópavogur

Sími 587 2202 Fax 587 2203

hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Augl. Þorhildar 146024

Sumarhúsa- og landeigendur


Einangraðir útiskápar fyrir hitaveitunntök og varmaskipta.



1,5 mm stál,
galvaniseraðir og
sprautulakkaðir.
Þriggja punkta læsing.
Upphengigrind fánleg.
Til í tveim stærðum.
A. h 94, b 79, d 32,5 sm
B. h 150, b 75, d 45 sm.

Geymsluskápar fyrir gashylki.

Hannaðir í samráði við og samþykktur af Brunamálastofnun.



Henta fyrir sumarhús, íbúðarhús og húsbíla.

1,5 mm galvaniserað og duftlakkað stál.

Utanmál í mm: h: 850, b: 750 og d: 350.

Veggfestingar fánlegar

Skápurinn er gerður fyrir tvær 11 kg. gosflöskur og er með læsingu. Hann fæst í tveimur litum, grár og grænn.

Einangruð

PEX-hitaveiturör

í sumarhús, bændabýli og íbúðarhús.
Hámarks einangrun – lágmarks hitatap. Sérstök framleiðsluaðferð tryggir einangrunargildið í áratugi. Framleitt samkvæmt ISO 9001 gæðastaðli.



ÍS RÖR HEILDVERSLUN

ÍS RÖR ehf | S. 565-1489 | Hringhella 12 | 221 Hafnarfjörður

Skipulag bæja og borga er undirstaða mannlífsins

Arkitektur.is hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir byggingahönnun og þykir skara fram úr þegar kemur að hönnun deiliskipulaga og afmarkaðra svæða

Arkitektastofan Arkitektur.is hefur skapað sér góðan orðstír fyrir skipulagsvinnu fyrir stór og lítil sveitarfélög, auk þess sem stofan hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir byggingar af ýmsu tagi, meðal annars tvenn 1. verðlaun og ein 3. verðlaun fyrir tillögur að blandaðri byggð í Hagalandi á Selfossi 2006, 1. verðlaun fyrir tillögu að stækkun höfuðstöðva Íslandsbanka 2005 og 1. verðlaun fyrir tillögur að Landspítala Háskólasjúkrahúsi 2005 ásamt C.F. Möller.

Arkitektur.is er með höfuðstöðvar í Reykjavík en rekur auk þess útibú á Akureyri og í Reykjanesbæ. Starfsmenn eru alls tuttugu og tveir. Meðal stærstu skipulagsverkefna stofunnar hafa verið Velli 7 og Hamranes 1 í Hafnarfirði samantlagt um 55ha, 26ha íþróttasvæði í Reykjanesbæ og skipulag allt að 6000 manna íbúabyggð í Reykjanesbæ. Og auðvitað er fleira stórt og áhugavert í pípunum hvað skipulagsvinnu varðar. Páll Tómasson, arkitekt hjá arkitektur.is segir verkefni eins og þessi stór í sniðum og ferlið flókið, eðlilega, þar sem „skipulag borga og bæja er undirstaða mannlífsins í sjálfu sér,“ eins og hann segir. En, hvað á hann við þegar hann talar um skipulag?

Aðalskipulag – deiliskipulag

„Skipulagsvinna er í megin dráttum tvíþætt,“ segir hann, aðalskipulag og deiliskipulag. Síðan tölum við um „annars vegar skipulag nýrri hverfa og hins vegar endurskipulagningu eldri hverfa.“ En hver er munurinn?

„Aðalskipulag er lögbundinn rammi sem hvert sveitarfélag hefur skyldu til að sinna. Síðan þarf að gera deiliskipulag sem er í samræmi við aðalskipulag. Aðalskipulag segir til um stóra drætti samfélagsins; hvar eigi að vera íbúðabyggð, hvar þjónusta, hvar iðnaðarhverfi, skólar og þess háttar, ásamt gatnakerfinu. Deiliskipulagið er nánari skipulagning á svæðum innan aðalskipulags og það má ekki byrja að byggja fyrr en deiliskipulag liggur fyrir og hefur verið samþykkt. Allt þetta ferli er bundið í lög.

Við vinnum mest deiliskipulag. Helstu verkefni í vinnslu hjá okkur hér hjá arkitektur.is núna eru annars vegar Velli/Hamranes um 800 íbúða byggðarkjarni



Götumynd við Rósavelli í Hafnarfirði

í Hafnarfirði. Hins vegar skipulag Fitjasvæðis í Reykjanesbæ sem er landssvæði ætlað undir m.a. nýtt Ráðhús Reykjanesbæjar, nýjar höfuðstöðvar Hitaveitu Suðurnesja, lóð fyrir siglingaklúbb og ylströnd.

Þegar við fáum svæði til að deiliskipuleggja, eru þau misstór oft þrjátíu til fimmtíu hektarar. Við byrjum á því að skilgreina svæðið með tilliti til landslags, veðurs og svæða í kring. Síðan verður til forskrift í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag, um hvers konar byggð er verið að sækjast eftir; hversu margar íbúðir eigi að vera í fjölbýli, hversu margar í einbýli, rað- og parhúsum, hvar iðnaðarlóðirnar eiga að vera og hvar þjónustulóðir – skólar, verslanir og þess háttar. Þetta vinnst út frá því hvaða þörf sveitarfélagið hefur. Þessi forskrift er þarfagreining fyrir svæðið.“

Hverfi skipulagt

„Þessu næst búum við til innra gatnakerfi, sem er tengt stofnbrautum í aðalskipulagi. Við byrjum á því að leggja niður gatnakerfi og hvaða áherslur við sem fagmenn viljum leggja í uppbygginguna. Síðan komum við með tillögur að deiliskipulagi þar sem búið er að ákveða hvar þyngdin í byggðinni á að vera, hvar þéttari byggðin á að vera, hvar gisnari byggðin og hvernig þær tengjast saman. Í þessum tillögum erum við líka

með tillögur um það hvernig hverfið á að virka, hvernig við álitum að fólkið í hverfinu muni lifa. Jafnframt eru í tillögunum göngustígar, hjólastígar og tillögur um það hvernig krakkarnir eiga að komast í skóla án þess að þurfa að fara yfir miklar umferðargötur. Ef landslagið er í halla, gerum við tillögur að því

hvernig best sé að leggja byggðina, hvaða hluta af landinu eigi að halda óbyggðu, hvar garðar og leiksvæði verða. Einnig gerum við tillögur fyrir svæði sem eru meira fastákveðin, til dæmis sparkvelli, leiksvæði og ferli strætisvagna, sorphirðu um svæðið, aðkomuleiðir fyrir slökkvibíla og sjúkrabíla. Þeir

verða að komast auðveldlega að öllu svæðinu. Þetta snýst um að hugsa um alla starfsemi mannlífs á svæðinu.

Við þessa vinnu verðum við að fara að öllum reglum, varðandi það hversu nálægt hvert öðru húsin mega vera, úr hvaða efni þau geta verið og hversu há þau mega vera, hvort þau eiga að vera með hallandi eða flöt þök, hvort húsin eiga að vera á einni eða fleiri hæðum. Hvað þessa skilmála varðar, þá er mjög misjafnt hversu langt er gengið. Í deiliskipulagi eru helstu skilmálar ákveðnir fyrir byggingar.“

Manneskjan fram yfir bílinn

Arkitektur.is hefur nýlega lokið deiliskipulagi fyrir tvö samliggjandi svæði í Hafnarfirði, Velli 7 og fyrsta áfangann í Hamranesi. „Þarna vorum við að deiliskipulegga svæði þar sem verða samtals um átta hundruð íbúðir,“ segir Páll „Velli 7 er rúmlega þrjátíu hektarar og Hamranesið 24. Þar að auki verða á svæðinu hjúkrunarheimili, tveir leikskólar og einn grunnskóli með tónlistarskóla.

Þarna er verið að skipuleggja með þeim hætti að einbýlishús, rað- og parhús leggi sig á hefðbundinn hátt á landið. Hins vegar eru farnar dálítið aðrar leiðir í fjölbýlishúsabyggðinni, hvað Hafnararfjörð varðar. Byggingarnar inni í byggðinni eru ekki háar, tvær til fjórar hæðir hver, og eru láttnar mynda skjólgóða garða og útivist-



Páll Tómasson, arkitekt hjá arkitektur.is

arsvæði. Þetta skipulag gengur út á það að taka manneskjuna fram yfir bílinn. Ein leiðin til þess er að setja sem flesta bíla íbúanna neðanjarðar og vera einungis með skammtímastæði ofanjarðar. Það er gengið það langt í okkar tillögum að í sumum fjölbýlishúsum eru öll bílastæði neðanjarðar, meðal annars gestastæði. Við hugsum þetta þannig að gestir geti allt eins notað dyrasíma þegar þeir aka inn í stæði eins og þegar þeir ganga upp að húsinu.“

Eitthvað fyrir alla

Inni í hverfinu eru fjölbýlishúsin tvær til fjórar hæðir en í jaðri þess verður boðið upp á íbúðir í háum fjölbýlishúsum. Þær byggingar verða tólf hæðir auk 2-3 hæðir í bílgeymslu. „Við staðsetjum þessa turna með tililiti til áhrifa á aðra byggð í hverfinu,“ segir Páll. „Turnarnir eru staðsettir í austurjaðri hverfisins þannig að skuggavarp frá þeim á kjörtíma fellur ekki yfir byggðina, heldur á landið í kring. Það má segja að í þessu hverfi sé í rauninni verið að bjóða eitthvað fyrir alla.“

Nú þegar hefur skipulagið fyrir Velli 7 verið samþykkt og segist Páll vona að þeim verði úthlutað í lok þessa árs og Hamranesið snemma á næsta ári. Væntanlega verður þá komið að skipulagi fleiri hverfa á svæðinu – en í augnablikinu er það Reykjanesbær, þar sem Arkitektur.is hefur séð um gríðarlega mikla skipulagsvinnu.


Reykjanesbær

„Við sáum um skipulagningu á einbýlishúsabyggðinni í Ása-hverfi um 130 einbýlishúsalóðir,“ segja Páll, en sú byggð nær yfir allan Grænásinn frá Fitjum. Einnig hefur stofan hannað framtíðar íþróttasvæði Reykjanesbæjar skipulagt 26 hektara íþróttasvæði fyrir ofan Móa-byggðina við Reykjaneshöll. „Þetta landsvæði er á stærð við allt íþróttasvæðið í Laugardal,“ segir Páll. „Þarna verður aðalíþróttasvæði Reykjanesbæjar, ásamt aðalknattspyrnuvelli bæjarins með áhorfendastúku og tilheyrandi. Þarna er líka gert ráð fyrir fimleikahúsi og klúbbhúsi fyrir Keflavík- og Njarðvíkurliðin. Í tengslum við þetta svæði er svo auðvitað Íþróttakademía Reykjanesbæjar.“

Síðan höfum við verið með fjöldann allan af minni svæðum, bæði í Reykjanesbæ og annars staðar. Til dæmis önnur skipulagsverkefni sem eru annars eðlis, eins og deiliskipulag inni í eldri byggð. Það kallar á allt annað ferli en þegar verið er að ákveða byggingareiti og deiliskipulag og það eru allt aðrir þættir sem taka verður tillit til eins og mannvirki sem eru í kringum reitinn sem skipuleggja í hvers konar umferðarstrúktúr er í kringum byggingarnar og þegar stærð og umfang bygginga er ákveðin þarf að taka annars konar tillit til umhverfisins heldur en á nýju landsvæði. Í skilmálum um útlit og útfærslu bygginga sem rísa í grónum hverfum eru skilmálarnir oft mjög þröngir.“



Götumynd við Rósavelli í Hafnarfirði



Stapatorg í Reykjanesbæ yfirlitsmynd



Stapatorg volgt vatn, tákn um orku

Stapabyggð

Fyrir tveimur árum fékk Arkitektur.is það verkefni að vinna tillögur að deiliskipulagi

á Stapasvæðinu í Reykjanesbæ, ákaflega fallegu landsvæði sem býður upp á afar fjölbreytta byggð – að ekki sé talað um flott útsýni. Svæðið nær frá

Dalshverfi að Vogum á Vatnsleysuströnd. Páll segir þó einhvern tíma þar til því svæði verður úthlutað. „En við erum komin með tillögu að fyrsta

hluta svæðisins – sem og glæsilegu Stapatorgi, þar sem verður verslun og þjónusta fyrir svæðið.“

Árni Sigfússon, bærarstjóri Reykjanesbæjar:

Áhersla á fjölskylduvænt umhverfi hefur laðað stóra hópa til okkar

Mikill uppgangur hefur verið í Reykjanesbæ á síðustu árum á flestum sviðum, og ekki síst í byggðamálum. Árni Sigfússon, sem hefur verið bærarstjóri Reykjanesbæjar frá árinu 2002, hefur fylgt þessari þróun eftir: “Í kjölfar bærarstjórnarkosninga 2002 var hafist handa við að skipuleggja nýja byggð í austurhluta Reykjanesbæjar, nær höfuðborgarsvæðinu, um leið og tækifæri til þéttningar byggðar voru frekar til vinnslu. Árið eftir voru ný landsvæði tilbúin til úthlutana og íbúar og byggingaverktakar gátu hafið undirbúning að byggingum. Þetta var í samræmi við þá stefnu bæjaryfirvalda að fjölga íbúum til að styrkja þjónustustig og efnahag bæjarfélagsins. Þetta hefur gengið einstaklega vel eftir - áhersla á fjölskylduvænt umhverfi, vistlegra umhverfi, góða skóla, öryggi barna og nálægð við fjölbreytta atvinnu hefur laðað stóra hópa til okkar.

Íbúafjöldi í desember 2002 var 10.914 – Nú í október er íbúafjöldinn kominn yfir 13.050. Þessi tæplega 20% fjölgun hefur að stærstum hluta orðið á þessu og síðasta á ári, enda mikið um að íbúðir séu að verða tilbúnar. Við lögðum áherslu á að byggja skólana á undan hverfunum, bæði grunnskóla og leikskóla, sem hefur tryggt vandaða þjónustu við þá sem sækja í nýju hverfin. Þess má geta að aðfluttur umfram brottflutta á þessu ári eru yfir 1000 talsins.

Uppbygging okkar á Vallarheiði, fyrrum varnarsvæði, hefur einnig gengið samkvæmt áætlun. Þar eru einkarekinn grunnskóli og leikskóli í boði í byggð sem nú telur yfir 700 manns. Aðeins hluti þeirra er þó skráður með lögheimili í okkar bæjarfélagi enn sem komið er.“

Eftirspurn meiri en framboð

Árni segir að þrátt fyrir gríðarlegt framboð af lóðum undir íbúabyggð, hefur eftirspurnin verið meiri: “Íbúðamyndunin er mjög blandað. Margir íbúar Reykjanesbæjar sjá tækifæri til að byggja sjálfir, sama gerist hjá unga fólkinu sem hyggur á flutning hingað. Það á við um einbýli og í sumum tilvikum parhús og raðhús. Við leggjum áherslu á fjölbreytileikann í byggingarmyndun og fögnum einkaframtaki í þessum eignum. Það er því skemmtileg blanda byggingarverktaka og fjölskyldna sem



Séð yfir Reykjanesbæ í átt til Helgúvíkur, iðnaðarhafnarinnar.



Árni Sigfússon, bærarstjóri Reykjanesbæjar segir bæjaryfirvöld forðast að troða iðnaðarsvæðum ofan í íbúabyggðina eða hafa sömu samgönguleiðir að iðnaði og íbúðabyggð.

vinnur að uppbyggingunni.

Á fyrsta stigi í uppbyggingunni 2002 og 2003 létum við vinna svonefnt rammaskipulag, sem las í umhverfið, dró fram hagkvæmni lands, hentuga staðsetningu við samgöngukerfi, góðar gönguleiðir og vistvæn íbúahverfi, og tengingar þjónustusvæða og útivistarsvæða við íbúahverfi.

Reykjanesbær er í raun “línu-bær” og því er áhersla lögð á að við svonefnda “lífæð”, eða hryggjarsúlu í gegnum byggðina

frá Innri Njarðvík og inn í Keflavík, sem verður aðdráttarafl fyrir þjónustu, í stað eiginlegs miðbæjar. Með tilkomu Vallarheiðar inn í samfélagið, og nýrra mismægra gatnamóta opnast allt svæðið sunnan Reykjanesbrautar. Þetta færir landfræðilega byggðarmiðju nær Fitjum í Njarðvík og því hugum við nú að umferðarskipulagi sem svarar þessari breytingu.


Þá skýrðust með þessu tækifæri okkar við sjávarsíðuna, s.s. á Vatnsnesinu, sem er klettaströnd á besta stað í Keflavík, áður yfirfull af fiskvinnslufyrirtækjum, sem nú eru mörg hver ónotuð. Eins er verið að hefjast handa við svæði sem var til langs tíma á lokuðu “varnarsvæði”, er kallað Nikelsvæði, en skarst á milli gömlu Keflvíkur og Njarðvíkur, langt niður í bæinn. Þarna eru mjög spennandi tækifæri til þéttningar byggðar, um leið og við tryggjum góð íþrótta- og útivistarsvæði.

Í aðalskipulagi okkar, sem er í endurskoðun sem lýkur væntanlega á næsta ári, er gert ráð fyrir þjónustubyggð með Reykjanesbraut, og stórum iðnaði á svæði Helgúvíkur. Á Vallarheiði eru fyrirhugaðir tæknigarðar. Við forðumst hins vegar að troða iðnaðarsvæðum ofan í íbúabyggðina eða hafa sömu



Smábátahöfnin í Grófinni. Sjávarútvegur var áður helsta atvinnugreinin en nú hafa aðrar tekið við.

Við leggjum áherslu á fjölbreytileikann í byggingarmynstrinu og fögnum einkaframtaki í þessum efnum. Það er því skemmtileg blanda byggingarverktaka og fjölskyldna sem vinnur að uppbyggingunni.



samgönguleiðir að iðnaði og íbúðabyggingum.

Samstarf einkaöðila og opinberra aðila

Það er ekki eingöngu mikið byggt af íbúðarhúsnæði í Reykjanesbæ, bærinn sjálfur stendur í mörgum stórræðum: “Þær byggingar sem nú er verið að fara í á vegum bæjarins tengjast nýjum tónlistarskóla, rokk- og popp sýningaraðstöðu og endurbótum á félagsheimilinu Stapa, allt á einum stað. Þá er verið að undirbúa nýjar bæjarskrifstofur sem verða einmitt í hinni nýju landfræðilegu miðju. Þar munu einnig höfuðstöðvar Hitaveitu Suðurnesja rísa. Þá erum við í leikskólabyggingum bæði í eldri og nýrri hverfum. Við tókum þátt í þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara á Nesvöllum, við endurbættum félagsaðstöðu fyrir Keflavík, og vinnum að nýju stóru íþrótt- og útivistarsvæði vestan Reykjaneshallar.

Hér er mikil áhersla lögð á samstarf einkaöðila og opinberra aðila. Þannig stofnuðum við

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. um byggingarverkefni, og eigum það ásamt tíu öðrum sveitarfélögum og fjármálafyrirtækjum, auk Háskólans í Reykjavík. Þetta félag sér um að vinna grunnvinnu að fyrirhuguðum verkefnum, sér svo um útbod þeirra, utanumhald og leigu til okkar.”

Aðilar að þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar

Fasteignir á Keflavíkurflugvelli hafa mikið verið í umræðunni og er Árni spurður hvernig Reykjanesbær tengist þeim fasteignum: “Við erum aðilar að þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar sem hefur séð um sölu eigna þar. Við höfum lagt áherslu á að þær íbúðir fari ekki á almennan markað á næstu árum, og þannig er búið um hnúta í samningum við kaupendur. Því hefur byggingarþróun þar haft mjög lítil áhrif á aðra uppbyggingu í bænum. Við gerum ráð fyrir að um 1000 íbúðir tengist alltaf nemendaíbúðum á skólasvæðinu, tengt Keili, miðstöð vísinda og fræða sem þar hefur höfuðstöðvar.

Þetta er því mjög sérhæft.”

Að lokum er Árni spurður hvernig kostirnir séu við að búa í Reykjanesbæ og hvernig hann sér framtíð bærjarfélagsins:

“Því er einfaldast að svara með sjö spurningum:

1. Viltu komast í fjölbreytt atvinnutækifæri innan 1-10 mínútna frá heimili?
2. Viltu njóta rúmbetra heimilis, með minni tilkostnaði?
3. Þarftu að fara oft um alþjóðaflugvöll og viltu komast fljótt til fjölskyldunnar eða í frágangsvinnu eftir ferðina?
4. Viltu njóta góðrar alhliða þjónustu, fyrir unga sem aldna?
5. Viltu búa í samfélagi sem er umhugað um velferð barnanna?
6. Viltu lifa utan við umferðarteppur og skarkala höfuðborgarsvæðisins?
7. Viltu geta komist til höfuðborgarsvæðisins til að njóta menningar og afþreyingar á mjög hæfilegum tíma?
8. Viltu njóta skemmtilegrar náttúru á Reykjanesi eða stunda sjóspport allt um kring,

Þá er ég sannfærður um að bærinn okkar býður þér margt sem þú metur.”

Á Nesvöllum verður einstök aðstaða til þess að mæta óskum þeirra, sem komnir eru yfir miðjan aldur, vilja minnka við sig og komast í þægilegt íbúðaumhverfi með samferðafólki, lausir við áhyggjur og fyrirhöfn vegna rekstrar og viðhalds á fasteign.



Stapinn er að ganga í gegnum miklar breytingar. Arkitekt er Guðmundur Jónsson.



Íþróttakaðemían í Reykjanesbæ var tekin í notkun haustið 2005 en þar fer nú fram nám í íþróttfræðum á háskólastigi í samvinnu við Háskólann í Reykjavík. Byggingin sómir sér vel í Reykjanesbæ en hún var tilnefnd til Íslensku byggingarlistarverðlaunanna í ár. Arkitektar eru Páll Tómasson og Haraldur Örn Jónsson frá Arkitektur.is.



Hafnargata hefur löngum verið lífæð Reykjanesbæjar.

Lúxusíbúðir með ævintýrlegu útsýni

Senn líður að því að hinar glæsilegu íbúðir við Víkurbraut 15 í Reykjanesbæ fari í sölu. Byggingameistarinn, Áskell Agnarsson, segir ekkert hafa verið til sparað í byggingu og innréttingum

Það hefur varla farið fram hjá þeim sem keyra inn í Keflavík að þar við Víkurbrautina hefur risið glæsilegt fjölbýlishús sem gnæfir yfir höfninni, með óviðjafnanlegu útsýni yfir víkina, bæinn – og þegar ofar dregur, svo langt sem augað eygir yfir byggðina í Reykjanesbæ, norðanverðan Reykjaneskagann og fjallasýnina handan Faxaflóans. Sjö hæðir frá götu, níu frá bryggju, þar sem bílahúsin eru. Húsin eru byggð af Húsagerðinni hf. og segir framkvæmdastjórinn, Áskell Agnarsson að fyrirtækið hafi einfaldlega verið að byggja húsin sem eigendur þess langaði alltaf til að byggja; lúxusíbúðir þar sem allt er gert úr besta bygginga- og innréttingarefni sem völ er á.

Skilast fullgerðar

Önnur turnbyggingin, Víkurbraut 15, er rétt að verða fullkláruð og fara íbúðirnar í því húsi í sölu í lok ársins. Íbúðirnar eru þriggja og fjögurra herbergja, nema á efstu hæðunum, þar sem er 240 og 300 fermetra „penthouse“ íbúðir á tveimur hæðum, með um hundrað fermetra útisvolum. Þetta eru sannkallaðar lúxusíbúðir sem seljast að öllu leyti fullgerðar með gólfefnum. „Við erum með dýr gólfefni, eikarparket og flísar“, segir Áskell og bætir því við að í íbúðunum sé gólfhitakerfi sem lagt er á vandaðasta hátt.

„Það er líka mjög vel í lagt með innréttingar og innihurðir, allar svalir eru flísalagðar, rúmgóðar og stórar með glerlokun. Íbúðunum fylgja öll heimilistæki; þvottavél, þurrkari, uppþvottavél og ísskápur. Baðherbergin eru mjög glæsileg, með tveggja fermetra strutuklefum á bak við glerveggi. Íbúðirnar eru allar ríkulega búnar halógen ljósum og mynddyrasíma, auk þess sem sjónvarpstenglar eru í öllum



herbergjum. Í húsinu er lyfta sem gengur niður í upphitaða bílageymslu, upp á allar hæðir og eitt bílastæði fylgir hverri íbúð. Yfir bílageymslunni eru upphitaðar svalir fyrir allt húsið og reyndar eru svalirnar á „penthouse“ íbúðunum einnig upphitaðar, sem og allar hellulagnir í kringum húsið.“

Gamall draumur

„Ég hef byggt mikið magn af húsnæði þar sem maður er í eilífum slag við að halda verðinu niðri, en oft höfum við líka verið í verkefnum þar sem við erum að gera mjög fallega hluti. Mig hefur lengi langað til að gera fallega hluti í íbúðarhúsnæði, safna saman hugmyndum sem ég hef öðlast með reynslu og nýta þær til að gera klassa íbúðir“, segir Áskell og þegar hann er spurður hvers vegna hann hafi valið nákvæmlega þennan stað fyrir fjölbýlishúsin tvö, svarar hann: „Við erum búin að eiga báðar þessar lóðir í tuttugu ár – þótt við keyptum þær á sínum tíma í öðrum tilgangi en að byggja íbúðarhúsnæði. Þá áttu þetta að vera athafnalóðir fyrir útgerðina, en með breyttri þörf fyrir slíkt húsnæði var það endurskoðað – samfara þeim breytingum kom líka til krafan um bryggjuhverfi – sem er eðlilegt.“

Fyrir þremur árum fór ég að velta fyrir mér að byggja íbúðarhúsnæði á þessum lóðum. Ég sá strax fyrir mér að þetta væri flottur staður fyrir útsýnisíbúð-



Víkurbraut - lúxusíbúðir. Mynd Ingó.

ir. Lyftustokkurinn í húsunum er 30 metra langur og þú ert farin að sjá vel yfir strax uppi á 3. hæð.“ Það verður að viðurkennast að óvída er að finna eins glæsilegt útsýni til allra átta og gerist á efri hæðum húsansa við Víkurbrautina. Þegar Áskell er spurður hvort ekki sé þegar farið að bjóða í þær, svarar hann af hógværd að langt sé síðan að fólk hafi farið að skrá sig á lista yfir íbúðirnar – en greinilegt að hann telur ekki kálið sopið fyrr en í ausuna er komið. Sem fyrr segir fara íbúðirnar í sölu í lok ársins.

Groíð fyrirtæki

Húsagerðin hf. var stofnuð 1972 og hefur reist fjölda íbúðarhúsa um 500 íbúðir og annarra mannvirkja á Suðurnesjum. Það má því segja að innan fyrirtækisins sé því til þekking á öllum

aðstæðum á Reykjaneskaganum. Stofnendur voru þrír, en einn heltist úr lestinni eftir tíu ár. Áfram héldu þeir Áskell og félagi hans Anton Jónsson, sem lést langt fyrir aldur fram í fyrra. Það er greinilegt að Áskeli þykir þar vera skarð fyrir skildi, enda höfðu þeir félagarnir starfað saman í fjórutíu ár. „Við byrjuðum að læra hjá sama meistara á sama tíma, Ég var 17 ára, Anton rúmlega tvítugur. Húsin við Víkurbrautina voru sameiginlegur draumur okkar og mér þykir vænt um að hann skyldi lifa til að sjá hann verða að veruleika. Eftir fráfall hans hef ég rekið fyrirtækið fyrir hans fjölskyldu, svo það er óskipt. Eftir svona langan tíma eru fjölskyldurnar orðnar svo nánar, búnar að fylgjast að alla tíð og börnin okkar eru vinir.“

Áskell segir Húsagerðina hafa

fengið dálítið forskot í verkefna-bransanum strax í upphafi. „Við vorum fyrstir á Suðurnesjum til að koma með byggingakrana og kerfismót og framleiddum mikið af fjölbýlishúsnæði. Víkurbæjarhúsið í Keflavík var hins vegar fyrsta verkefnið sem við fengum sem verktakar og við vorum ákaflega stoltir af því. Eðlilega. Við vorum bara þakkar, ég var ekki nema rúmlega tvítugur þegar við stofnuðum okkar félag.“

Mikilvægt að vinna af metnaði

Eftir það höfum við mest byggt af íbúðarhúsnæði og tilfallandi tilboðsverkum. Þetta er ekki stórt fyrirtæki. Í dag erum við með sextán manns á launaskrá, ráðum síðan frekar undirverktaka heldur en að bæta við mannskap. Það er auðvitað hægt að þenja sig einhverv ósköp á þeim uppgangstímum sem



verið hafa, en það er ekki svo mikið um góðan mannskap að ræða. Við höfum farið í gegnum svo mörg tímabil hæða og lægða í þjóðfélaginu og vitum að það er auðvelt að missa stjórn á starfsemi. Það er svo miklu betra, þegar til lengri tíma er litið, að sinna sínum hlutum vel. Það skiptir meginmáli gagnvart viðskiptavininum – en það er líka mikilvægt til að halda áhuga hjá sínu starfsfólki. Það þarf að vinna af metnaði til að halda áhuga þess. Ég get sagt með stolti að ég er með mjög metnaðarfulla stráka sem vinna hjá mér. Stráka sem hafa gaman af sínu fagi og mikinn áhuga á því.“

Margar merkilegar byggingar

Meðal þeirra verkefna sem Húsagerðin hf. hefur tekið að sér eru ýmsar skólabyggingar, íþróttahús, loðnubræðsla, flokkunarstöðin í Helguvík, loðnuverksmiðju á Siglufirði, auk þess að vera með þjónustu við Bláa Lónið til margra ára. „Við stækkuðum til dæmis lónið þar sem eru núna gufuböð og hinn frægi foss, auk þess sem við gerðum sæluvíkina þar sem nuddlónið er. Við sáum um viðhald og viðbyggingar við lónið um árabil, en það var aukaverkefni hjá okkur. Mjög skemmtilegt verkefni með metnaðarfullu hönnunarfólki.“

Eiginlega er hægt að keyra lengi dags um Reykjanesbæ til að skoða byggingar sem Húsagerðin hefur reist. Fyrirtækið byggði safnaðarheimili Keflavíkurkirkju og stækkaði íkirkjuna. Það muna kannski ekki margir eftir því, en hér áður fyrir var ekkert anddyri á henni, heldur var gengið beint inn í kirkjuskipið. Nú er eins og anddyrið hafi alltaf verið þarna.

Íþróttahúsið við Sunnubraut er líka ein af byggingum Húsagerðarinnar, Grunnskólinn úti í Garði og viðbyggingar við Myllubakkaskóla. Starsmannahús fyrir Hítaveitu Suðurnesja í Svaresengi, aðveitustöð í Njarðvík og Bifreiðaskoðunarstöð Frumherja í Njarðvík. Ekki svo að skilja að átt-hagafjotrarnir hafi verið að þvælast fyrir þeim félögum, því þeir hafa bæði byggt íbúðarhúsnæði í Kolbeinsmýri á Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði. Einnig byggði fyrirtækið Vörðuna, stjórnsýsluhúsið í Sandgerði sem er heljar mikil bygging. Inni í því húsi eru 11 íbúðir sem eru þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara, bókasafn, bæjarskrifstofur, þjónustueldhús fyrir skólana og eldri borgara. Þar munu einnig verða bankaútibú og heilsugæsla. Tíu raðhús voru reist í Garðinum en þau eru þjónustu-



Hítaveita Suðurnesja



Stjórnsýsluhúsið í sandgerði



Mynd Ingó.

íbúðir fyrir aldraða. Í Sandgerði reisti fyrirtækið einnig skóla og íþróttavallarhúsið. Svo má nefna iðnaðarhúsnæði á Iðavöllum í Keflavík, þar sem fyrirtækið er einnig með verkstæði og aðstöðu. Hér hefur aðeins verið nefnt brot af þeim byggingum sem fyrirtækið hefur tekið að sér – og enn er ótalin allur sá fjöldi íbúða sem fyrirtækið hefur reist fyrir bæjarfélögin.

Vill hafa báðar fætur á jörðinni.

„Við höfum alltaf verið í gangi með tvo til þrjú byggingakrana og tvö byggingarsvæði,“ segir Áskell. „Núna erum við í fyrsta sinn í langan tíma bara með eitt byggingarsvæði, sem kemur líka til af því að ég er einn að reka þetta.“ Þegar hann er spurður hvað honum finnst um þann gríðarlega hraða og magn sem hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði á suðvestur horni landsins, segir hann: „Aðgengi að fjármagni er svo auðvelt í dag. Maður hefur aldrei lifað við svona aðgengi að fjármagni. Það er kannski ekkert skrytið að menn missi sig í svona æði. Í raun og veru erum við að byggja mjög áhugaverð húsnæði – en það er synd ef þessi hraði er að skaða vinnuvöndun. Það er alger óþarfi.“ En skyldi vera einhver þörf fyrir þetta allt?

„Ég held að markaðurinn dæmi það sjálfur. Offramboð á húsnæði er í sjálfu sér ekkert slæmt. Það er enginn sem brennir sig nema þeir sem vinna að þessu. En fyrir samfélagið er gott að nóg sé byggt. Þeir sem hafa farið offari munu skaðast – en aðrir njóta góðs af. Það hefur alla tíð verið svona. Þegar góðæri ríkir, endurnýjum við allan bílaflokkann. Núna hefur verið byggt. Svo kemur slaki á milli.“

En þið hafið ekkert misst ykkur út í þetta æði?

„Nei, við höfum aldrei verið mjög stórt fyrirtæki. Við höfum öðru fremur lagt áherslu á að vera traust og stábilt fyrirtæki. Við höfum aldrei tekið stórar áhættur.“



Útsýni yfir höfnina.



Safnaðarheimili Keflavíkur.



Sæluvík í Bláa Lóninu.



Áskell Agnarsson.



Frá Breiðhöfða og Færeyjum

Einingaverksmiðjan í sókn heima og heiman

Einingaverksmiðjan að Breiðhöfða 10 í Reykjavík er 13 ára gamalt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingaframkvæmda.

Frá upphafi hefur fyrirtækið starfað mestmegnis á verktakamarkaði og þjónað stærstu verk-tökum landsins en með aukinni

tiltrú á einingahús hefur þjónusta við almenna húsbyggjendur aukist síðustu ár. Sigurbjörn Óli Ágústsson, framkvæmdastjóri, segir að það hafi tekið tíma að sannfæra markaðinn um kosti eininga eins og gengur og gerist með nýjungar en hælendis hefur orðið gríðarlegt stökk fram á við í notkun húseininga og í dag

eru forsteyptar einingar ekki bara seldar til verktaka, heldur ekki síður til einstaklinga sem eru að byggja hús fyrir fjölskylduna. Fyrir um 10 árum síðan var þáttur eininga í húsbyggingum um 5%, og þá aðallega í gólfplötum en í dag er hlutfall einingabyggðra húsa allt að 25%, jafnvel hærra á sumum svæð-


um. Um 80% af framleiðslu Einingaverksmiðjunnar fer á höfuðborgarsvæðið. Einingar eru ekki staðlaðar en framleiddar eru hins vegar ákveðnar grunn-einingar sem hægt er að sníða til eftir þörfum kaupanda. Einingar eru mjög samkeppnishæfar í verði miðað við hefðbundnar aðferðir og eru í mörgum tilfellum ódýrari. Gæðin eru enn betri þar sem einingin er framleidd við kjöraðstæður í verksmiðju undir ströngu gæðaeftirliti.

Vaxandi umsvif í Færeyjum

Ekki hefur verið hefð fyrir einingahúsum í Færeyjum þar sem hefðbundið færeyskt hús er á steiptum kjallara og síðan timburhús þar ofan á með milligólfi úr timbri, en síðustu ár hefur þetta verið að taka breytingum. Einingaverksmiðjan flytur nú mikið af einingum til Færeyja en þar hefur fyrirtækið verið með umsvif í meira en 10 ár. Einingar hafa verið fluttar þangað frá verksmiðjunni á Breiðhöfða, en nú er að verða breyting á því þar sem verið er að reisa verk-

smiðju í Færeyjum sem verður tekin í notkun í ársbyrjun 2008. Einingaverksmiðjan á fyrirtæki í Færeyjum sem framleiðir steypu og þar er nú verið að reisa verksmiðjuna, að sjálfsögðu úr einingum fyrirtækisins. Sigurbjörn Óli segir mikinn uppgang hafa verið í húsbyggingum í Færeyjum sl. 2 - 3 ár og hefur Einingaverksmiðjan tekið þátt í hverju stórverkinu á fætur öðru. Þar á meðal verkefnið „Undir Gráasteini“ sem er að klárast þessa dagana, 8 fjölbýlishús eða 90 íbúðir. Ekkert sér fyrir endann á framkvæmdum, búið er að gera saminga til næstu 5 ára með verkefni þar sem Einingaverksmiðjan er með í öllu ferlinu með færeyskum aðilum og kallast verkefnið „Undir Kongavardá“. Það er verkefni sem er skipulagt í fjórum áföngum og samanstendur fyrsti áfangi af 77 fjölbreyttum íbúðum í fimm raðhúsalengjum og fimm fjölbýlishúsum. Mikið er lagt upp úr sjónarspili náttúrunnar þar sem útsýni úr hlíðum Hamarsins yfir Þórshöfn er stórbrotið og óspillt náttúran í baksýn.





Deiliskipulag verksmiðjувæðisins í Færeyjum.



Fyrirtækið til Þorlákshafnar

„Einingar eru mjög heppileg byggingaraðferð, hún sparar kaupandanum bæði tíma og fyrirhöfn. Umsvif Einingaverksmiðjunnar hafa aukist til muna undanfarin ár og er svo komið að athafnasvæði fyrirtækisins er löngu orðið of lítið. Fyrir höndum er því flutningur á starfsemi fyrirtækisins og hefur Þorlákshöfn orðið fyrir valinu og þar hefur Einingaverksmiðjan fest kaup á 10 hektara lóð. Mikil uppbygging hefur verið í Þorlákshöfn og víðar á Suðurlandi enda erum við nú þegar í verkefnum þar. Okkar mat er að for-

Sigurbjörn Óli segir mikinn uppgang hafa verið í húsbýggingum í Færeyjum sl. 2 - 3 ár og Einingaverksmiðjan með hvert stórverkið á fætur öðru þar.

steypar einingar séu framtíðin í mannvirkjaframkvæmdum og það eru bjartir tímar framundan í greininni.“ segir Sigurbjörn Óli Ágústsson framkvæmdastjóri Einingaverksmiðjunnar.



Frá byggingu verksmiðjunnar í Færeyjum.



Kambaland í Hveragerði

Nær höfuðborginni kemstu ekki á Suðurlandi

Kambaland er mjög athyglisvert byggingarsvæði vestan núverandi byggðar í Hveragerði sem nær allt að hamrinum sem ekið er upp á þegar lagt er upp Kambana frá Hveragerði á Hellisheiði. Gert er ráð fyrir byggingu um 260 íbúða, 220 sérbyla og 40 íbúða í fjölbýli. Þarna skapast rými fyrir ríflega 800 manna byggð.

Lóðir í Kambalandi verða seldar í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga er um að ræða

rúmlega 120 lóðir og mun sala á þeim fara af stað í nóvembermánuði. Í framhaldinu verður svo ráðist í áfanga 2 og 3 en reikna má með að uppbygging svæðisins taki um 4-5 ár.

Fjölskylduvænt svæði

Svæðið verður mjög fjölskylduvænt og verða þar t.d. tveir leikvallir og sparkvöllur auk þess sem stutt er í fallegt útivistarsvæði. Uppbygging leikskóla í hverfinu hefur verið tryggð og mun hann verða op-

inn lengur en gengur og gerist með leikskóla almennt. Einnig hefur verið samþykkt að kanna möguleika á því að kennsla yngstu árganga grunnskóla verði í hverfinu og meiningin að skoða sérstaklega samþættingu leikskóla og yngstu stiga grunnskóla.

Öryggisvöktun og vildarpakkar

Verið er að ganga frá samningum við Öryggismiðstöð Íslands um allsherjar vöktun á öllu svæðinu, allan sólarhring-

inn og getur fólk því verið áhyggjulaust fjarri heimili sínu á daginn. Fyrsta árið verður öryggisþjónustan gjaldfrí. Ennfremur hefur verið settur samán vildarpakki þar sem í boði er allt sem þarf til að gera heimilið alveg eins og fólk vill hafa það, á einstökum kjörum. Þannig getur fólk keypt gólfefni, málningu, innréttingar og margt fleira á sérstökum vildarkjörum sem aðeins bjóðast íbúum Kambalands.

Sérbyli fyrir verð 3 til 4 herbergja íbúðar

Þeir sem selja 3 eða 4 herbergja eign á höfuðborgarsvæðinu eiga kost á því að eignast einbýli í Kambalandi án þess að auka við skuldbindingar, verðmyndunin verður lægri en í úthverfum Reykjavíkur. Þetta er kjörið fyrir þá sem hingað til hafa ekki haft ráð á því að flytja í sérbyli á höfuðborgarsvæðinu sem og þá sem vilja eignast annað heimilli á rúmum byggingareit á umhverfissvænu svæði.

Allt til alls í nútímalegu hverfi

Verkfræðistofan Línuhönnun sér um verkefnastýringu á verkinu og kom einnig að gerð deiliskipulagsins sem Ingimundur Sveinsson arkitekt annaðist.

Línuhönnun sér einnig um hönnun á götum og fráveitukerfum.

Guðmundur Guðnason, byggingaverkfræðingur segir að Línuhönnun sjái um gerð allra útboðsgagna vegna gatnagerðar og um eftirlit á framkvæmdatíma þar til lóðir eru byggingahæfar. Lóðir verða seldar í áföngum, þær fyrstu í byrjun nóvembermánaðar.

„Það er að verða mun algengara að svæði séu skipulögð svipað og gert er í Kambalandi, sem er heppilegt bygginga- og íbúðasvæði. Allt svæðið er tekið, deiliskipulagt og hannað í heild sinni. Það er stöðugt verið að leggja meiri vinnu í deiliskipulag með það að markmiði að auka gæði hverfanna, enda eru kröfur um hagkvæmni og að fólk líði vel í hverfinu að aukast.

Þetta næst með því að skipuleggja þau í heild sinni frekar en í smáum einingum.



Í Kambalandi er ein safngata sem liggur í hálfhring í gegnum hverfið, allar húsa-götur tengjast síðan inn á þessa götu. Með þessu móti fæst mjög góð dreifing á umferðinni og jafnframt tveir góðir tengistaðir við núverandi íbúðabyggð. Byggðin fellur vel að landslagi svæðisins og náttúru þess, en byggðin er nokkuð dregin frá hamrinum. Hljóðmön norðan við Suðurlandsveg verður gerð strax enda hluti af frágangsvinnu á svæðinu,” segir Guðmundur Guðnason

„Það fylgir hverfinu þjónustustarfsemi, verslanir og leikskóli enda er það hluti af því sem fólk vill sjá sem fyrst í hverfum í nútímaþjóðfélagi og eins er hverfið í nálægð við gott útivistarsvæði. Kambaland mun án efa styrkja Hveragerðisbæ mikið.“

Hagkvæmari kostur en samsvarandi hverfi á höfuðborgarsvæðinu

Ingimundur Sveinsson arkitekt segir að vinna að deiliskipulagi hafi farið hægt af stað þar sem skoðaðir voru ýmsir kostir. Eigendur svæðisins hafi sjálfir verið með ýmsar hugmyndir, m.a. um það að þetta svæði væri hagkvæmari valkostur en samsvarandi svæði á höfuðborgarsvæðinu. Það hafi tekist enda landið gott byggingaland en stílað hafi verið upp á það að þarna risi lágrest byggð.

„Það kom fljótt upp hugmynd að gatnakerfi og húsagerð sem hélt allt hönnunarferlið. Það er tengibraut eða slaufa gegnum hverfið sem tengist núverandi gatnakerfi og síðan eiga að koma mislæg gatnamót við þjóðveginn sem bæði nýtist þeim sem vilja aka austur eftir þjóðvegnum en einnig sem tenging við byggð sem fyr-

irhugað er að risi sunnan þjóðvegarins.


Kambalandið er í heild sinni hugsað eins og þrjár klasar og þú kemst ekki nær Reykjavík en þarna en ert áfram á Suðurlandsundirlendinu. Með tvöföld-

un vegar austur verður ekki mikið ferðalag að komst þaðan til og frá Reykjavík fyrir þá sem vilja sækja vinnu í Reykjavík. Þetta hverfi er einnig hentugt fyrir þá sem vilja stunda t.d. hestamennsku, golf o.fl. en markhópurinn er fólk sem vill búa í sérbyli, vill búa utan höfuðborgarinnar og það fær lóðir á sanngjörnu

verði í Kambalandi,” segir Ingimundur Sveinsson arkitekt sem segir svæðið frá Akranesi, til Keflavíkur og austur á Selfoss eitt atvinnusvæði og því tímabært að hugsa um það sem eitt búsetusvæði.



KAMBALAND, HVERAGERDI, DEILISKIPULAGSUPPDRAETTUR 1:2000




Svæði 3
52 einbýlishúsalóðir
10 lóðir undir 4-6 íbúða
fólkylli
Stærð einbýlishúsalóða:
700 – 900 m²

Svæði 2
46 einbýlishúsalóðir
Stærð lóða: 700 - 900 m²

Svæði 1
59 einbýlishúsalóðir
4 parhúsalóðir
59 raðhúsalóðir
Byggingafræmdeildir
hefðast fyrirpart árs 2008
Stærð einbýlishúsalóða:
700 - 900 m²

Þjónustukjarni
Verslun og þjónusta
Leikskóli



- A EMBÝLISHUS, EINHÆÐ
SKRIMINGATERNING 1
- B EMBÝLISHUS, EINHÆÐ
SKRIMINGATERNING 2
- C EMBÝLISHUS, EINHÆÐ
SKRIMINGATERNING 3
- D EMBÝLISHUS, EINHÆÐ
SKRIMINGATERNING 4
- E EMBÝLISHUS, EINHÆÐ
SKRIMINGATERNING 5
- F RAÐHUS, EINHÆÐ
SKRIMINGATERNING 6
- G PARHUS, EINHÆÐ
SKRIMINGATERNINGU 7
- H FLOERLUSHUS, 2 HÆÐIR
SKRIMINGATERNING 8
- I LEIK OG GRUNNSKÓLI
SKRIMINGATERNING 9
- J ATVINNA/ÞJÓNUSTA
SKRIMINGATERNING 10

- MORKLÓBA
- BINDANDI BYGGINGARLINA
- BYGGINGABETTUR
- BILASTÆÐ ALÖÐ
- GATA
- GANGBRAUT
- GONGUSTIGUR
- ÞJÁLAGRÖÐUR
- HLJÓDVARNIR
- FORMUNNAR
GÖTUFYR/SLOÐAR
- SILMARÚSTAVDUR
- MORK DEILISKIPULAGS

DEILISKIPULAG ÞETTA SEM AUKAÝST HERJUR
VEIÐI SKV. 25 GR. OG 1. MGR. 26. GR.
SÍÐAN 1997. OG BYGGINGAULAGA NR. 731987
VÉR SÁMÞYKTI BÆLJARSTJÓRN
HVERAGERÐIS



KAMBALAND, HVERAGERDI
DEILISKIPULAGS-
UPPDRAETTUR



BRÉTTI:
MKR. 12000
MÁN. 3. MAÍ 2007
TÉLFÓN:
SKÖL.

Ingimundur Sveinsson
Jóhanna Einarsson
Tékkaralofa
Ljónmúndar
Sjónvirkur 3
1013 RAKKAVÍK
Sími: 5204800
FAX: 5204901
Tlf. @ 118 18
www. 118 18

GK-GLUGGAR

Vaxandi fyrirtæki

Fyrirtækið GK-GLUGGAR (gkgluggar.is – gkgluggar@gkgluggar.is) var stofnað í nóvember árið 2001. Í fyrstu voru aðeins þrír til fjórir starfsmenn en eru nú fjórtán. Nú er starfsemi fyrirtækisins í nýju og glæsilegu húsnæði að Völuteig 21, 270 Mosfellsbæ. Í samtli við Gyðu Árnýju Helgadóttur, fjármálastjóra (gyda@gkgluggar.is) og Hallgrím Óskarsson, framkvæðastjóra (halli@gkgluggar.is) kom fram að fyrirtækið leggur áherslu á framleiðslu útihurða (þar með taldar bílskúrshurðir) og glugga í einu fullkomnasta trésmíðaverkstæði landsins og hefur viðtæka reynslu jafnt af nýsmíði sem og viðgerðum. Notaðir eru viðurkenndir íslenskir staðlar hjá fyrirtækinu við smíði bæði hurða og glugga til þess að tryggja gæði framleiðslunnar.

Fyrirtækið leggur sig fram um að veita viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu og er t.d.



Hallgrímur Óskarsson, framkvæðastjóra

gegn vægu gjaldi mögulegt að fá mann frá fyrirtækinu til þess að mæla fyrir gluggum og hurðum og veita ráðgjöf um bestu lausn. Þá er, hafi viðskiptavinurinn áhuga, eðlilegt að gerð sé kostnaðar- og verkáætlun.

Notaðir eru Qlon-þéttlistar í opnanleg fög glugganna frá fyrirtækinu, sem tryggja þetta glugga og þægilega lokun. Þá er hægt að fá tveggja punkta ASSA lokunarbúnað. Með



Gyðu Árnýju Helgadóttur fjármálastjóri

þessum búnaði er mögulegt að festa opnanlega fagið þó að rifa sé á glugganum. Ekki er þörf á krækjum og stormjárnnum ef notaðar eru tveggja punkta ASSA skrár. Í opnanlegum fögum eru brautalamir einnig frá ASSA í svonefndu IPA-kerfi sem gera það að verkum að glugginn helst opinn í hvaða stöðu sem er og lamirnar sjást ekki utanfrá. Einnig er hægt að fá ASSA lamir fyrir hliðarhengd fög. Þess má geta að hægt er að fá glugga frá fyrirtækinu fullbúna til ísetningar, glerjaða og fullmálaða.

Forsvarsmenn fyrirtækisins leggja mikla áherslu á að fyrirtækið hafi ávallt yfir að ráða sem fullkomnastum tækjabúnaði svo fyrirtækið geti framleitt það sem best er fáanlegt á markaðnum; með öðrum orðum: gæðavöru á góðu verði.

Um þessar mundir eru forráðamenn fyrirtækisins að kanna möguleika á samvinnu við erlenda aðila í því augnamiði að auka vöruúrvalið og geta þannig þjónað betur margvíslegum óskum viðskiptavina sinna.



Ævintýrlegar lausnir...

skrifstofubúnaður fyrir öll fyrirtæki!



KORTER...IS



BILLCON

Seðlatalningavélar



SCAN COIN

Mynttalninga- og flokkunarvélar



ROSENGRENS

Öryggis- og peningaskápar



BISLEY

Skjala- og skrifstofuskápar



nashuatec

Prentarar, skannar og ljósritunarvélar

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.

S T O F N A Ð 1 9 5 3

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa



Anna Rósa Böðvarsdóttir heilbrigðisfulltrúi minnir fólk nú á að nagladekkin valda mengun sem er skaðleg heilsu manna. Engin ástæða er því til að velja þau lengur, því annars konar vetrarhjólbarðar, svo sem góð loftbóludekk eða harðkornadekk, eru nöglunum sambærileg við flestar aðstæður. Mynd: Ingó

Naglana burt úr ryklausri Reykjavík

Nú, þegar skammdegið læðist yfir Reykjavíkurborg og snjór og hálsa tekur að hrella borgarbúa, skera borgaryfirvöld enn á ný upp herör gegn helsta svifryksmengunarvaldi borgarinnar – nagladekkjunum.

Svifryksmörk í Reykjavík fóru 29 sinnum yfir leyfileg heilsuverndarmörk árið 2006.

„Við erum að hvetja almennning til að nota ekki nagladekkin, heldur velja frekar annars konar góða hjólbarða, svo sem vetrardekk, loftbóludekk eða harðkornadekk,“ segir Anna Rósa Böðvarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá mengunarvörnum Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar. „Þau dekk eru góð í hálfu og snjó, meðan nagladekkin sem reynast betur við ákveðnar aðstæður sem gerast mjög sjaldan, nefnilega þegar ísing á sér stað.“

Fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á að hin dekkinn sem Anna Rósa taldi upp eru jafn góð eða betri en nagladekkin við flestar aðstæður, og því lítil ástæða önnur en gömul hefð að velja naglana. Enda eru nagladekkin á hröðu undanhaldi í Evrópu og í vetrardekkjakönnunum bílátimarita og systurfélaga FÍB kemur skýrt fram að dekk með mjúku gúmmí reynast best í

flestum aðstæðum, en slík dekk hafa gott grip og eru slitsterk.

„Flest slys verða af því fólk gerir sjálf mistök, keyrir ekki varlega eða tekur ekki mið af aðstæðum, og nagladekkin hafa yfirleitt lítil áhrif þar um,“ segir Anna Rósa. „Reyndur ökukennari segir t.d að framsýni og fyrirbyggja séu lykilkættir í öllum vetrarakstri.“

55 prósent alls svifryks

En hver er ástæða þess að Reykjavíkurborg hvetur borgarbúa til að skipta nagladekkjunum út?

„Nagladekkin spæna upp úr malbikinu og svifrykið sem myndast er afar óhollt fyrir heilsu fólks,“ segir Anna Rósa.

Svifryk eru örfínar agnir sem eru skaðlegar ef þær komast í lungu, og má í raun líkja þeim við bergflísar eða nálar. Samkvæmt tveimur rannsóknum sem Iðntæknistofnun og Þorsteinn Jóhannsson, sem hefur nýlökkið meistaranámi í umhverfis- og byggingarverkfræði við Háskóla Íslands, gerðu á svifryki í höfuðborginni, á svifryki í Reykjavík á sér margar uppsprettur en flestar eru af mannavöldum. Rúmur helmingur þess, eða 55 prósent þess, er uppspænt malbik.

RYKLAUS REYKJAVÍK

Hættum að menga, spæna upp götur og anda að okkur svifryki! Keyrum um borgina á ónegldum en góðum vetrardekkjum!

HELSTU ÓKOSTIR NAGLADEKKJA

- Nagladekk valda svifryki og slita akbrautum hundrafalt meira en önnur dekk. Átla má að fólk bílar á negldum dekkjum frá meðalheimili spæni upp hálfu tonni af malbiki á ári og þyrli upp allt að 10 kg af heilsuspillandi svifryki.
- Reykjavíkurborg þarf árlega að endurnýja um 10.000 tonn af malbiki vegna slits af völdum nagladekkja sem kostar u.þ.b. 150 til 200 milljónir kr. á ári.
- Nagladekk valda meiri hjólmengun en önnur dekk.

Í STADINN FYRIR NAGLADEKK

Tú er gott úrval af vetrardekkjum af hinum ýmsu stærðum og gerðum. Hér til líðar er vakin áttugi á nokkrum möguleikum sem standa til bóða. Ökumenn eru hvattir til að skoða úrveldi og spyrja fagmenn ráða.

VESTRARDEKK

Góð vetrardekk duga vel í hálfu og snjóskstri. Þau eru úr vönduðu gúmmí sem gripur vel og þau valda lígmarks loftmengun.

HARÐKORNADEKK

Harðkornin (silícium carbide og alumíníumoxide) í dekkjunum eru sögð gæla gott veggir í hálfu og bleytu og vera rásfást, hjólað og valda margfalt minna vegsliti en nagladekk.

LOFTBÓLUDEKK

Loftbóludekk eru mikið skorin, mjúk og með stóran sneffilíf. Þau eru með maura veggir og styttri hantímanreglengd en önnur dekk. Í hálfu stjuga loftbólur vatn upp úr ísnum og snjónum sem verður þurrari og stamari auk þess sem það myndast sogkraftur.

HEILSÁRS VETRARDEKK

Heilsárdekk eiga að vera vandadr hjólaðar með góðu munstri. Hægt er að fá dekkinn með mismunandi skurð.

LOFTBÓLUDEKK

Loftbóludekk eru mikið skorin, mjúk og með stóran sneffilíf. Þau eru með maura veggir og styttri hantímanreglengd en önnur dekk. Í hálfu stjuga loftbólur vatn upp úr ísnum og snjónum sem verður þurrari og stamari auk þess sem það myndast sogkraftur.

HARÐSKELIADEKK

Harðskelidekk valda minna vegsliti og er gúmmiblandan sögð gripa eins og sögskál. Takið góð við hantíman og í beygnum og eru hjólað. Vatnhlutakjallabrot eru notuð í þessu dekk.

DEKKJASOKKUR

Dekkjaskokkur er dekkjahill úr pólyester-þráðum með keygjufrni á endunum sem gerir það að verkum að það er auðvelt að setja hann á. Aðeins þarf að renna dekkjaskokki yfir dröfyllin og bifreiðin er komin með gott grip í snjó og hálfu. www.fbi.is

www.reykjavik.is Reykjavíkurborg

Veggspjald sem Reykjavíkuryfirvöld dreifa nú um borgina bendir á að svifryk sem meðal annars orsakast af nagladekkjanotkun getur farið í lungun og truflað öndunarfærni.

Um fjórðungur á uppruna sinn í jarðvegi sem mestmegnis kemur frá byggingarsvæðum, byggingum sem verið er að rífa, órykbundnum vegslóðum, fremur en að rykið berist hingað vegna jarðvegseyðingar á hálendinu. Annað sem finnst í svifrykinu sem borgarbúar anda að sér er sót, salt og uppspændir bremsuborðar.

Hættulegt heilsu manna

Örfínar agnir svifryksins geta verið afar skaðlegar, komist þær í lungu fólks, og þá sérstaklega hjá þeim sem hafa viðkvæm öndunarfæri.

Rannsóknir benda til þess að mikið svifryk í andrúmsloftinu geti flýtt fyrir dauða fólks sem er viðkvæmara fyrir, og þá sérstaklega hjá þeim sem eru með öndunarfærarsjúkdóma. Sænsk rannsókn sýndi að svifryk stytta lífslíkur fólks um 60 til 70 daga, meðan bílslys stytta lífslíkur fólks um 30 til 50 daga.

„Svo svifrykið er í raun hættulegra heldur en flestir gera sér grein fyrir,“ segir Anna Rósa og bætir við að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telji að árlega deyi um tvær milljónir manna ótímabærum dauða vegna loftmengunar.

Hún bendir fólki á að fylgjast

með svifrykstilkynningum, og á köldum, þurrum og stillum vetrardögum ætti fólk sem er með viðkvæm öndunarfæri ekki að hlaupa, ganga eða hjóla meðfram aðalsamgönguæðunum í borginni.

Þess fyrir utan er kostnaðurinn við lagfæringu á malbikinu gríðarlegur, en í fyrra þurfti að leggja 10.000 tonn af nýju malbiki vegna slits, sem að miklu leyti var tilkomið vegna nagladekkjanotkunar um helmings bílaeigenda í borginni.

Færri hámarksdagur takmarkið

Heilsuverndarmörk svifryks í Reykjavík eru 50 míkrogrömm á rúmmetra ($\mu\text{g}/\text{m}^3$). Borgin hefur á undanförunum árum verið að undirbúa sig undir að ná Evrópusambandsstuðlum varðandi svifryksmengun, og er þar af leiðandi að trappa smám saman niður þá daga sem svifrykið fer yfir leyfileg heilbrigðismörk. Í ár mega þetta verða 23 dagar, en árið 2010 verða þeir eingöngu sjö.

Verktakar rykbinda og nýr svifryksmælir á netinu

En borgin sinnir fleiri mótvægisáðgerðum en þeim að kynna áhrif nagladekkjana á mengun og heilsu fólks.

Þegar nauðsyn krefur er rykbundið á götum borgarinnar með magnesíumklóríðblöndu, sem er umhverfisvæn rykbinding og er talin vera skaðlaus heilsu manna. Einnig eru göturnar sópaðar reglulega, því þó þrif á götum geri ekki mikil gagn þegar til styttri tíma er

litið þar sem sópurinn nær ekki finustu ögnunum, eru þau talin gagnleg þegar til lengri tíma er litið, þar sem stærri agnir ná þá ekki að brotna frekar niður.

Nýverið voru settar reglur um rykbindingu vegna niðurrifs húsa í starfsleyfi hjá Reykjavíkurborg, þar sem verktaka er gert skylt að bleyta í húsinu meðan á framkvæmdum stendur.

Jafnframt hefur Kristjáni L. Möller samgöngumálaráðherra verið sent bréf þar sem farið er fram á að hann stytta leyfistíma

nagladekkja sem nú eru leyfð frá 1. nóvember til 15. apríl. Stendur borgin einnig að athugun á kostum þess og göllum að taka upp gjaldtöku eða aðrar takmarkanir á notkun nagladekkja, í samvinnu við ríki og önnur sveitarfélög.

Eins má finna nýjan vefsvifryksmæli á vef Reykjavíkurborgar, www.rvk.is.

Sigrún María Kristinsdóttir

Loftbóludekk

Margir þeirra sem árum saman hafa stólað á nagladekkin þegar skammdegið fellur yfir hafa nú skipt yfir í loftbóludekk, sem þykja alls ekki síðri við íslenskar aðstæður. Samkvæmt rannsóknnum á Bridgestone loftbóludekkjunum standast þau fyllilega samanburð við bestu gerðir nagladekkja hvað varðar hemlunarvegalengd og veggríp, hvort sem er í snjó eða hálfu. Þau eru auk þess hljóðlátari og mýkri en nagladekk, endingabetri og menga mun minna, því loftbólurnar rífa ekki upp malbikið eins og naglarnir gera. Auk þess má nota þau allt árið um kring.

Nagladekkin menga

Sænskar kannanir sýna að venjulegur fólksbíll á nagladekkjum rífur upp sem nemur 27 grömmum af malbiki á hvern ekinn kílómetri. Samfélagslegur sparnaður er því mikill af notkun annars konar dekkja, svo sem loftbóludekkja, auk þess sem loftmengun minnkar sem því nemur.

Dýrar viðgerðir

Í ár var lagt nýtt slitlag á þrjú hluta Miklubrautarinnar fyrir alls 13,3 milljónir króna. Inni í þeirri tölu telst hvorki kostnaður við fræsun né kostnaður Reykjavíkurborgar sjálfar við lagfæringu brunna og niðurfalla og sópun.

Ráð til að draga úr mengun:

- Skilja bílinn eftir heima • Samnýta bíla
- Draga úr hraða
- Fækka ferðum á fólksbílum
- Notaða strætisvagna
- Finna heilnæmar göngu- og hjólaleiðir fjarri ys og þys umferðargatna



Ert þú að byggja?

Vantar þig steypu?

BORG býður allar tegundir af steypu til afhendingar strax!

Pantanir og söluráðgjöf í síma **414 7777**

www.evborg.is

GÆÐI - ENDING ÁREIÐANLEIKI

BORG - Steypustöð

Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur · Sími: 414-7777 · Fax: 517-8901 · borg@evborg.is



Íslensku byggingarlistarverðlaunin afhent í fyrsta sinn á Kjarvalsstöðum

VA arkitektar hlutu verðlaunin fyrir Lækningalind, Bláa lóninu

Íslensku byggingarlistaverðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum 20. október síðastliðinn. VA arkitektar hlutu verðlaunin fyrir Lækningalind, Bláa lóninu. Geir H Haarde forsætisráðherra afhenti verðlaunin. Samhliða afhendingunni var opnuð sýning á þeim tíu verkefnum sem þóttu koma til greina og útgáfa bókar um þessi sömu verkefni kynnt. Arkitektafélag Íslands stendur að verðlaununum en Þyrping hf., þróunarfélag á sviði skipulagsmála og mannvirkjagerðar, er bakhjarl þeirra og Þyrping hf., er stofnandi byggingarlistaverðlaunana.

Verðlaunin skerpi vitund almennings um hve mikilvæg góð byggingarlist er fyrir samfélagið

Úr sumsögnum valnefnefndarinnar:

„Lækningalind Bláa lónsins er sjálfstæð viðbót við Heilsulind Bláa lónsins í afar sérstöku umhverfi Sundhnjúkahrauns við Svartsengi. Byggingin rís upp úr úfnu mosavöxnu hrauninu sem fær að standa óáreitt allt umhverfis lágresta en svipsterka



„Viðurkenning eins og þessi felur auðvitað að alltaf í sér hvatningu. Okkur þykir sérstaklega vænt um þessi verðlaun umfram aðrar viðurkenningar sem við höfum hlotið, vegna þess að þetta er nýtt innan okkar stéttar og vonandi vegsauki fyrir stéttina alla að til þeirra skuli hafa verið stofnað.

bygginguna. Með öguðu efnisvali og formi hússins eru dregin fram skörp skil á milli geómetrískra forma byggingarinnar og lífrænna forma náttúrunnar sem vekja sterk hughrif. Sérkennilegt andrúmsloftið endurspeglar í óvæntum samsetningum og frágangi þar sem eiturgænu gleri og kolsvartri hraunklæðingu er teft gegn hlýlegum víði. Öll smáatriði eru leyst á vandaðann hátt sem fellur að yfirbragði heildarinnar.

Sum verkin hafa á sér mýkri svip þrátt fyrir stílhreint tungumál forms, þar sem valin eru ómeðhöndluð náttúruæfni eins og tré, steinn, torf eða sjónsteypa með sýnilegri áferð trémótana. Þau standa í samhljómi við efni og litbrigði á hverjum stað, og efnisnotkun er þess eðlis að byggingar og mannvirki veðrast á fallegan hátt með tímanum. Þannig er það farið með Lækningalind Bláa lónsins þar sem bygging VA arkitekta leynist dulúðug í úfnum hraunakri í Svartsengi, en gufuna leggur upp af mjólkurhvítu vatni svo rétt grillir í útveggina sem klæddir eru svörtum hraunsalla af svæðinu.

Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt hjá VA arkitektum og verðlaunahafi segir um viðurkenninguna og þýðingu byggingarlistaverðlaunana:

„Viðurkenning eins og þessi felur auðvitað alltaf í sér hvatningu. Okkur þykir sérstaklega vænt um þessi verðlaun umfram aðrar viðurkenningar sem við höfum hlotið, vegna þess að þetta er nýtt innan okkar stéttar og vonandi vegsauki fyrir stéttina alla að til þeirra skuli hafa verið stofnað. Vonandi eiga þessi verðlaun eftir að auka umræðu og skilning fyrir mikilvægi gæða í hönnun og skipulagi,“

Geir H. Haarde forsætisráðherra fjallaði í ávarpi sínu um menningarstefnu í mannvirkjagerð sem íslensk stjórnvöld hefðu kynnt í fyrsta sinn á þessu ári og þá skyldu okkar sem þjóðar að hlúa að góðri byggingarlist og reisa mannvirki sem þjónuðu hlutverki sínu með sóma, væru vel gerð og hefðu listrænt gildi að leiðarljósi. „Íslenskir arkitektar eru í lykilhlutverki við að koma slíkri stefnumótun í framkvæmd. Fátt er betur til þess fallið að hvetja til dáða á þessu sviði en að verðlauna það sem vel er gert og er fagnaðarefni að ákveðið hefur verið að efna til íslenskra byggingarlistaverðlauna;

Oddur Víðisson, framkvæmdastjóri Þyrpingar, sagði varðveislu og þróun byggingarlistar vera hluta af menningu hverrar þjóðar og mikilvægt væri að hvetja til fjölbreytni, nýsköpunar og frumlegra lausna. „Ég vona að framlag okkar til þessara verðlauna efla enn frekar gæði hönnunar og frakvæmd mannvirkja. Einnig vonum við að verðlaunin skerpi vitund almennings um hve mikilvæg góð byggingarlist er fyrir samfélagið.“

Alls var 51 verkefni tilnefnt til verðlaunanna en miðað var við verkefni hér á landi; mannvirki, skipulag og ritverk um íslenska byggingarlist sem lokið hafði verið við frá ársbyrjun 2005 eða síðar. Valnefnd skipuð þremur arkitektum fór yfir tilnefnd verkefni. Valdi nefndin tíu sem þóttu koma til greina og fengu þau viðurkenningu. Þessi verk eru, auk Lækningalindarinnar: Aðalstræti 10 Reykjavík, sambýli fatlaðra við Birkimörk í Hveragerði, innsetning Gjörningaklúbsins, göngubrýr yfir Hringbraut, skólahús við Háskólann á Akureyri, íbúðarhúsið Hof, Höfðaströnd, íbúðir við Frakkastíg, íþróttakademían í Reykjanesbæ og viðbygging Safnasafnsins á Svalbarðseyri.

Gluggar Útihurðar Sérsmíði

Verðtilboð, upplýsingar & ráðgjöf



GK GLUGGAR

GLUGGAR OG KLÆÐNING ehf.

Völuteig 21, 270 Mosfellsbæ S: 566 6787 www.gkgluggar.is



Vörn gegn brunaslysum frá Danfoss

Termix One tengigrind til hitunar á neysluvatni

- Stillanlegt hitastig neysluvatns
- Stórminnkar slyshættu af völdum heita neysluvatnsins
- Jafn þrýstingur á heitu og köldu neysluvatni, lengir líftíma blöndunartækja
- Léttari þrif, enginn kísill á flísum og hreinlætistækjum
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu
- Snyrtileg hlíf fylgir

Danfoss

www.danfoss.is



www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins



Íris Þórarinsdóttir, verkefnisstjóri á verkfræðideild Orkuveitu Reykjavíkur segir tilgang settjarna vera þann að hreinsa ofanvatn áður en því er hleypt út í viðkvæma viðtaka. Mynd: Ingó

Með aukinni áherslu á umhverfismál má búast við því að settjarnir setji æ sterkari svip á borgarlandslagið á komandi árum.

SETTJARNIR

– nauðsyn í nýrri hverfum

„Þar sem íbúðahverfin eru alltaf að færast lengra frá sjó skapast meiri þörf fyrir settjarnir og því má búast við því að slíkar tjarnir setji meiri svip á borgarlandslagið í framtíðinni, ekki síst í nýrri hverfum,“ segir Íris Þórarinsdóttir, verkefnisstjóri á verkfræðideild Orkuveitu Reykjavíkur.

Tilgangur settjarna er að hreinsa ofanvatn áður en því er hleypt út í viðkvæma viðtaka, t.d. ár og vötn. Sjórinn brýtur mengunarefni sem kunna að berast í hann með ofanvatni fljótt niður, en mengun í litlu magni getur aftur á móti haft áhrif á lífríki í ám og vötnum.

Tvöfalt fráveitukerfi í Reykjavík

„Í Reykjavík er tvöfalt fráveitukerfi í öllum hverfum sem eru 30 ára og yngri, þ.e.a.s. skólpræsi og ofanvatnsræsi. Skólpræsin liggja í

hreinsistöðvar þar sem innihaldið er hreinsað áður en því er dælt út í sjó en ofanvatnið er venjulega leitt beint út í sjó. Í ofanvatnsræsin rennur rigningarvatn af húsbökum og götum. Þetta er yfirleitt frekar hreint vatn, en mengunarefni geta þó komið fyrir, sérstaklega frá iðnaðarhverfum,“ útskýrir Íris. Í hverfum sem liggja langt frá sjó er ofanvatnið frekar leitt út aðra viðtaka, eins og ár eða vötn, sé slíkt til staðar. „Vötn og ár eru mun viðkvæmari viðtakar en sjórinn og því er mjög mikilvægt að hreinsa vatnið vel áður en það er leitt þangað og þá koma settjarnirnar við sögu,“ segir Íris. Hún bendir á að í Reykjavík sé ofanvatn leitt út í bæði Elliðaá og Úlfarsá, og þá er æskilegt að það hafi farið í gegnum hreinsun í settjörn.

Hreinsun á náttúrulegan hátt

Það var í kringum árið 2000 sem fyrstu settjarnir voru teknar í notkun í Reykjavík. Þær voru annarsvegar við Krókháls, norðan við golfvöllinn í Grafarholti og á gatnamótum Víkurveggar og Vesturlandsveggar.

Síðan hafa fleiri tjarnir bæst í hópinn og nú eru t.d. á teikni-

borðinu settjarnir við Úlfarsárdal og Reynisvatnsás. Að sögn Írisar hefur aðallega verið horft til Svíþjóðar og annara Norðurlanda við hönnun þessara tjarna en einnig til Bandaríkjanna.

Aðspurð að því hvort settjarnir séu sú lausn sem mest sé notuð erlendis við hreinsun yfirborðsvatns segir hún að vissulega séu

settjarnir vinsælar en það séu einnig til aðrir möguleikar. „Ég hugsa það fari eftir aðstæðum hverju sinni hvaða lausn verði fyrir valinu. Ef votlendi er til staðar þá er t.d. alveg kjörið að nota það til að taka á móti ofanvatninu. Vatnið rennur þá í mýrina og hreinsast þar. Nú ef jarðlögin eru gljúpt berg þá

Hvað er settjörn?

Settjörn er manngerð tjörn sem tekur á móti menguðu regnvatni og öðru yfirborðsvatni. Markmiðið með slíkum tjörnum er að hreinsa mengunarefni úr vatninu áður en það rennur út í vötn, ár eða sjó. Settjarnirnar eru hannaðar þannig að agnir sem eru þyngri en vatnið setjast að á botninum en léttari efni eins og olía flýtur upp og sest ofan á tjarnirnar. Þar sem útrennsli er að-

eins fyrir neðan yfirborð, ná léttu efnin ekki að fljóta út með vatninu. Í tjarnirna safnast efni eins og ryk, sandur, olía, gúmmiagnir frá bíldekkjum, ýmsir málmar og köfnunarefni. Reglulega þarf að hreinsa bæði yfirborð og botnfall tjarnanna. Það er gert með dælubílum eða setinu er mokað upp með gröfum.

má hreinlega láta vatnið renna þar niður og láta bergið sjá um hreinsunina.“

Nýstárlegar lausnir í Urriðaholti

Íris bendir líka á að venjulegar tjarnir sem byggðar eru til augnayndis geti einnig virkað vel til hreinsunar á regnvatni. Þannig séu tjarnirnar í Fossvogsdalnum ekki hannaðar sem settjarnir en virka hinsvegar vel sem slíkar.

„Sem dæmi um velheppnaða settjörn í Reykjavík má nefna iðnaðarsvæðið við Sævarhöfða en þar safnast árlega mikið magn af úrgangi sem annars hefði runnið óhindrað út í Elliðaárnar, „ segir Íris og bendir jafnframt á að það var meðal annars umræða um mengun í Elliðaánum sem ýtti á eftir því fyrstu settjarnirnar voru byggðar í Reykjavík.

Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur hafa líka sýnt áhuga á málaflokknum og hafa lagt sitt af mörkum til hreinna umhverfis með því að huga að þessum málum. Þannig verða t.d. nýstárlegar ofanvatnslausnir notaðar í nýjasta hverfi Garðabæjar í Urriðaholti. Þar verður gras- og gróðurrásur komið fyrir meðfram flestum götum en regnvatninu verður veitt þangað þar sem það seytlar ofan í jarðveginn. Þar hreinsast það áður en það rennur síðan út í Urriðavatn. Á grænum svæðum verða einnig grónar lautir og farvegir fyrir ofanvatn sem ætlað er að taka við vatni frá byggðinni með sama hætti.

„Þar sem ekki er hægt að leiða ofanvatn beint út í sjó þarf að huga að öðrum lausnum strax við upphaf hönnunar nýrra hverfa. Það er kostnaðarsamt að ætla sér að dæla regnvatninu langa leið út í sjó og auðvitað mun hagkvæmara ef það er hægt að setja það út í næstu á eða vatn. Það er því eðlilegt að gera þá ráð fyrir slíkum lausnum strax við upphaf hönnunarferilsins,“ segir Íris að lokum.



Tjarnir með tilgang Tjarnir í borgarlandlagi geta svo sannarlega glatt augað um leið og þær gera mikið gagn. Þessi settjörn er staðsett í Grafarholti Mynd: Ingó

GÆÐA ULLARTEPPI

- mjúkt, hlýtt, sterkt & hljóðdempandi gólfefni

KOKOS-SISAL TEPPI

STRÖND EHF.

Suðurlandsbraut 10 :: Sími 533 5800 :: www.strond.is

Erum með gler lausnir fyrir heimili og vinnustaði



Sýrupvegið gler
Hertgler
Gler rennihurðir
Gler og ryðfrítstál handrið
Sturtuklefar
Svalalokur
Glerhillur



ATLANTSKAUP *Upplýsingar á www.atlantskaup.is*

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík S: 533 3700

Mikil bjartsýni á Fljótsdalshéraði

sem leggur áherslu á þjónustu, þekkingu, velferðar- og umhverfismál

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað varð til 1. nóvember 2004, við sameiningu Austur- Héraðs, Fellahrepps og Norður- Héraðs. Sveitarfélagið er mjög víðfeðmt og er nú það landmesta á Íslandi en stærð þess er 8.884 ferkílómetrar.

1. desember 2006 voru íbúar Fljótsdalshéraðs 4.644 og hafði fjölgað um 18% frá árinu áður.

Miðkjarna Fljótsdalshéraðs mynda þéttbýlin Egilsstaðir og Fellabær sem greiðar samgöngur á landi og í lofti hafa gert að fjölförnum vegamótum og þar hefur því vaxið upp ýmis konar starfsemi bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila.

Um miðbæ Egilsstaða liggja helstu krossgötur Austurlands og umferðarmestu gatnamót þjóðvega í fjórðungnum. Flestir íbúa Fljótsdalshéraðs starfa við þjónustu og opinbera starfsemi og á Egilsstöðum og í Fellabæ hefur þróast mikil samgöngu-, verslunar- og þjónustumiðstöð sveitarfélagsins og alls Austurlands. Landbúnaður er stundaður í blómlegum byggðum hins víðfeðma sveitarfélags og er sauðfjárbúskapur stundaður á um 90 jörðum og mjólkurframleiðsla á tæplega 20 búum og þá fer skógrækt fram á um 85 jörðum um þessar mundir. Meðaltekjur í sveitarfélaginu voru yfir landsmeðaltali á síðasta ári. Skólastarf hefur sett svip sinn á samfélagið til margra ára og má þar nefna Alþýðuskólann á Eiðum, sem lengi var starfandi á svæðinu og Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað.

Menntaskólinn á Egilsstöðum hefur starfað frá 1979 en þar eru nemendur rúmlega fjögur hundrad allt í allt. Þá hefur háskólanámssetur starfað á Egilsstöðum frá 2003 og þekkingarsetur var stofnað í apríl síðast liðnum. Í sveitarfélaginu eru starfræktir fimm leikskólar með ríflega tvö hundruð börnum. Grunnskólastarf fer fram á fimm stöðum á vegum fjögurra grunnskóla, en nemendur þeirra eru vel á sjötta hundradíð. Tónlistarskólar eru einnig starfræktir á fimm stöðum á vegum þriggja tónlistarskóla.

Uppbygging á nýjum miðbæ á Egilsstöðum

Árið 2004 efndi Fljótsdalshérað til hugmyndasamkeppni um skipulag á miðbæ Egilsstaða. Í gegnum hinn nýja miðbæ liggur „Strikið“, göngugata sem verður aðal slagæð fjölbreyttrar verslunar og þjónustu. Markmiðið er að á Egilsstöðum risi öflugur og samkeppnishæfur miðbær sem þjóni landsfjórðungnum öllum. Á síðasta áratug hefur íbúum sveitarfélagsins



Nýr miðbær Þannig mun nýi miðbærinn á Egilsstöðum líta út í náinni framtíð.

Árið 2004 efndi Fljótsdalshérað til hugmyndasamkeppni um skipulag á miðbæjarsvæðinu. Í gegnum hinn nýja miðbæ liggur „Strikið“, göngugata sem verður aðal slagæð fjölbreyttrar verslunar og þjónustu þar sem mannlíf getur blómstrað, ekki síst á þekktum góðvindrísögum á Héraði. Markmiðið er að á Egilsstöðum risi öflugur og samkeppnishæfur miðbær sem þjóni landsfjórðungnum öllum.

fjölgað mikið. Á Egilsstöðum og í Fellabæ er nettó aðflutningur frá öðrum hlutum Fljótsdalshéraðs og öðrum byggðarlögum á Austurlandi um 157 manns á árunum 2004 til 2006, en 167 fleiri hafa flutt til en frá Egilsstöðum frá öðrum landshlutum á þessum tíma. Fjölgun íbúa með fasta búsetu vegna stóriðjuframkvæmdanna hefur því skilað sér vel til Egilsstaða og Fellabæjar.

Um 26% þeirra starfsmanna sem nú er búið að ráða til álverksmiðjunnar Alcoa-Fjarðaáls á Reyðarfirði eru búsettir á Egilsstöðum og í Fellabæ en í könnun Nýsis er gert ráð fyrir að a.m.k. 40% þeirra starfa sem

verða til hjá Alcoa og tengdri þjónustustarfsemi verði sinnt af íbúum á Héraði.

Hlutfall búsetu á Fljótsdalshéraði kann að verða enn hærra. Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, segir að uppbygging nýrra hverfa á Egilsstöðum gangi mjög vel, t.d. sé búið að úthluta öllum lóðum í hverfinu Selbrekku og þar sé uppbygging á lokstigi. Íslenskir aðalverktakar eru að byggja sinn 2. áfanga af 4 á 9 ha svæði í hverfinu Votahvammi sem þeir fengu úthlutað.

„Þá keypti sveitarfélagið land á svæðinu sunnan við þéttbýlið á Egilsstöðum en þar var skipulagt íbúðarsvæði og þær lóðir fóru allar strax þegar kom að úthlutun, og fóru þær flestar til einstaklinga. Nú er framboð af lóðum umfram eftirspurn, við náðum að anna eftirspurninni sem var mikilvægt, enda gott að eiga einhverjar lóðir upp á að hlaupa umfram þær sem koma til við þéttingu byggðar, þ.e. vegna svokallaðra „holufyllinga.“ Þeim sem sækja um lóð í dag er því helst bent á suðursvæðið. Auk þessa hafa verið byggð þrjú 24 íbúða fjölbýlishús og er nú þegar búið í öllum íbúðunum í tveimur þeirra og eitthvað í þriðja húsinu, en íbúðirnar eru bæði til sölu og leigu. Þetta eru mjög



Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs.

vandaðar íbúðir. Fasteignaverð er nokkuð hátt miðað við ýmiss önnur svæði á landsbyggðinni en lægra en í Reykjavík. Ætli fasteignaverð sé ekki um 80 - 85% af verði sambærilegrar eignar á höfuðborgarsvæðinu,” segir bæjarstjóri.

Stórar lóðir í boði á Hallormsstað Eiríkur Björn segir unnið að uppbyggingu nýs miðbæjar á Egilsstöðum en til þess að geta

skipulagt hann var landið keypt af Kaupfélagi Héraðsbúa. Skógræktarstöðin Barri sem verið hefur með starfsemi á verðandi miðbæjarsvæði fékk úthlutað nýju svæði, annars staðar í sveitarfélaginu, undir sína starfsemi en Malarvinnslan fékk svæði Barra til uppbyggingar. Þar verða íbúðir samkvæmt deiliskipulagi. Margir íbúar sveitarfélagsins hafa talið að bæinn hafi vantað raunverulegan

miðbæ, en með þessari ákvörðun verður til miðbær sem ætlað er að verði sambland af verslunum, veitingastöðum, þjónustufyrirtækjum og íbúðum. Þar verður einnig félagsaðstaða og dagvistarrými fyrir eldri borgara gegnt Hótel Héraði á jarðhæð í húsi sem er í byggingu, en á fjórum næstu hæðum verða svokallaðar heldrimannaíbúðir, þ.e. íbúðir fyrir 55 ára og eldri. Þá er gert ráð fyrir að stjórn-sýslu- og menningarhúsi rísi á næstu árum við norðurenda Striksins.

Lóðir á miðbæjarsvæðinu hafa verið auglýstar og hafa allmargar fyrirspurnir og umsóknir borist um spennandi uppbyggingu. Ennfremur er búið að deiliskipuleggja um 30 nýjar lóðir í Fellabæ og þar er allnokkur uppbygging og eins er framboð á lóðum bæði á Eiðum og á Hallormsstað á svæðum sem þegar er búið að deiliskipuleggja. Lóðirnar á Hallormsstað eru stærri en á Egilsstöðum og í Fellabæ en þannig hefur verið kappkostað að hafa fjölbreytni í lóðaframboði, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Auk ofangreindra byggingarsvæða hafa einkaaðilar látið skipuleggja svæði undir frístunda- og blandaða byggð í dreifbýlinu. Ljóst er að nýr miðbær mun þjóna mun fleirum en íbúum sveitarfélagsins. Samkvæmt könnun fyririrtækisins Landráðs frá 2006 sækja 92% Austfirðinga verslun og þjónustu til Egilsstaða; 36% Austur-Skaftfellinga sækja verslun og þjónustu á Egilsstaði, og; 31% Norður-Þingeyinga sækja verslun og þjónustu til Egilsstaða.

Í gangi eru þrenns konar aðalskipulag í sveitarfélaginu sem eru arfur frá gömlu sveitarfélögunum. Í Austur- Héraði gildir aðalskipulag til ársins 2017, í Fellahreppi til 2012 en aðalskipulag fyrir Norður- Hérað var ekki samþykkt. Nú er í gangi vinna við endurskoðun á aðalskipulagi fyrir allt nýja sveitarfélagið en það á að gilda til ársins 2027. Fyrirtækið Alta er að vinna að gerð aðalskipulags og í síðustu viku var m.a. haldið íbúáþing á Hallormsstað til þess að kynna óskum og þörfum þeirra íbúa Fljótshéraðs sem þar búa. Þá verður haldið stórt og metnaðarfullt málþing um skipulagsmál 24. nóvember. En mikil áhersla er lögð á samráð við íbúana við gerð aðalskipulagsins.

Sameining hefur styrkt alla þjónustu

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri segir ljóst að sameiningin hafi styrkt alla starfsemi og þjónustu í þeim gömlu sveitarfélögum sem sameinuðust í Fljótshéraði. Nefna megi að á Brúarási sé t.d. enn rekin öflugur grunn-, leik- og tónlistarskóli og það sama er að segja um Hallormsstað.

Á Eiðum er 1. og 2. bekk nemenda Grunnskólans Egilsstöð-

um og Eiðum kennt og þeim ekið þangað daglega bæði úr dreifbýli og þéttbýli sem er nokkuð sérstakt því verið er að keyra börnunum úr þéttbýli í dreifbýli, gagnstætt því sem tíðkast víða annars staðar á landsbyggðinni. Ekki hefur fengist Jöfnunarsjóðsframlag til þess að sinna þessu þar sem það er aðeins greitt fyrir akstur úr dreifbýli í þéttbýli, en reglurnar eru í endurskoðun. „Atvinnulíf er gott í sveitarfélaginu, næg atvinna, ekki síst hjá iðnaðarmönnum við húsbyggingar og við þjónustustörf vegna uppbyggingar álverksmiðju á Reyðarfirði og byggingar Kárahnjúkavirkjunar.

Þrátt fyrir að eiga ekki fiskiskipahöfn sleppum við ekki alveg við áhrifin af kvótakerðingunni.

Það sem hefur neikvæð áhrif á sjávarbyggðirnar í kringum okkur hefur einnig áhrif á okkur þó með öðrum hætti sé. Egilsstaðir eru t.d. mikilvægur þjónustukjarni fyrir byggðarlög eins og Djúpavog, Breiddalsvík, Vopnafjörð, Seyðisfjörð, og Borgarfjörð eystri og reyndar Austurland allt, og ef það verður samdráttur þar í atvinnulífinu hefur það áhrif hjá okkur. Á meðan þessi þensla undanfarin ár hefur staðið yfir fór sveitarfélagið aðeins í nauðsynlegustu framkvæmdir, s.s. vegna byggingar leikskóla vegna örrar íbúafjölgunar og í dag erum við ekki með virka biðlista þar en erum samt með þjónustu alveg niður í eins árs börn. Góður leikskóli og grunnskóli er kjarni þess að fá fólk til að setjast að hjá okkur og því höfum við sinnt vel.“

- *Kemur bakslag í íbúáþróunina þegar framkvæmdum við Kárahnjúka lýkur?*

„Það verður einhver samdráttur í atvinnulífinu sem er mjög eðlilegt miðað við hvað það komu margir inn á svæðið tímabundið. En sveitarfélagið hefur verið með mótvægiságerðir sem m.a. fólust í því að „geyma“ framkvæmdir fram yfir þenslutímamann. Má þar nefna stækkun grunnskólans á Egilsstöðum, byggingu stjórn-sýslu- og menningarhúss, húsnaði fyrir tónlistarskóla auk þess sem meiri kraftur verður nú settur í ýmis verkefni varðandi veitur sveitarfélagsins. Þá horfum við einnig til uppbyggingar háskóla- og þekkingarseturs á Egilsstöðum og við höfum fengið samþykki ríkisvaldsins á uppbyggingu húsnaðis á Vonarlandi í þeim tilgangi, og fyrirtæki og stofnanir sem ætluðu að vera með í því verkefni hafa skrifað undir viljayfirlýsingu þess efnis.

Áður fyrr voru framhaldsskólarnir sá kjarni sem gerðu viðkomandi sveitarfélög lífvænni, en nú erum við að fara upp á næsta stig, háskólastigið. Það ríkir því bjartsýni og framsýni á Fljótshéraði,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri.



Suðursvæðið á Egilsstöðum.



Hallormsstaður, þéttbýlisuppráttur.



HÉRAÐSVERK

Stórt og öflugt verktakafyrirtæki

Fyrirtækið Héraðsverk (heradsverk.is) á Egilsstöðum var stofnað í mars árið 1988 þegar um 20 jarðvinnuverktakar á Fljótsdalshéraði tóku sig saman til þess að geta átt möguleika á að bjóða í umtalsverða stækkun og breytingu á Egilsstaðaflugvelli. Fyrirtækið hefur síðan verið rekið sem eins konar klasafyrirtæki og þannig átt möguleika á því að bjóða í stærri verk. Hver og einn hluthafi þarf því ekki að eiga margar tegundir tækja heldur getur sérhæft sig á ákveðnu sviði sem nýtist svo fyrirtækinu ákaflega vel þegar boðið er í og unnið við fjölpætt og margbrotin stórverkefni. Samvinna þessi hefur reynst mjög vel og verið farsæl. Fyrirtækið hefur fram að þessu getað skilað öllum verkefnum sínum á umsömdum tíma, í sumum tilvikum jafnvel fyrr. Verktökunum hefur með árunum tekist að byggja sig mjög vel upp af tækjum og öllum búnaði.

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Sigurður Grétarsson, byggingatæknifræðingur (sig@heradsverk.is), upplýsir, að þó að flest verkefni fyrirtækisins hafi verið bundin við Austurland hafi fyrirtækið tekið að sér verkefni í öðrum landshlutum og nefnir sem dæmi, að unnið hafi verið að vegagerð á Snæfellsnesi og við gerð snjóflóðavarnargarða á

Siglufirði. Fyrirtækið hefur tekið að sér verkefni af margs konar stærðum og gerðum og má þar nefna verkefni á sviði virkjana- og álversframkvæmda og ýmiskonar lagnavinnu og jarðgangnagerð. Stærstu verkefni fyrirtækisins voru í upphafi á sviði jarðvinnu og vegagerðar en síðari ár hefur fyrirtækið aukið umsvif sín og tekið að sér flókin og viðamikil verkefni á flestum sviðum jarð- og byggingavinnu.



Meðal helstu verka sem Héraðsverk hefur undanfarið unnið að eru:

- Lagning á hringvegi 1 um Norðurárdal í Skagafirði. Þar er öll vinna unnin af Héraðsverki fyrir Vegagerðina. Um er að ræða tæplega fimmtán kílómetra nýlagðan vegarkafila á Þjóðvegnum og eru á meðal verkþátta lagning nýrra brúa á Norðurá, Kotá og Króká auk varnargarða, ræsa, reiðstíga og girðinga.

- Snjóflóðavarnir. Hleðsla og bygging svonefnds snjóflóðafleygs í Fljótsdal fyrir Landsnet hf. Um er að ræða 9 13m háan og um 60m langan jarðvegsfleyg ofan tengivirkis og hleðsla veggja úr grjóti meðfram tengivirki. Fleygurinn er með bröttum hliðum sem byggðar eru upp með netgrindakerfi. Rúmmál fyllingar í snjóflóðafleyginum er um 38000 rúmmetrar.

- Lagning nýs rúmlega átta kílómetra kafa á hringvegi 1 í Jökuldal í Norður-Múlasýslu auk lagningar ræsa samt. um 600m. Þar er einnig öll vinna unnin af Héraðsverki fyrir vegagerðina.

- Varnargarðar vestan Skeiðarár í Austur-Skaftafellssýslu og er þar enn sem fyrr allir verk-

þættir unnir af Héraðsverki fyrir Vegagerðina. Um er að ræða hækkun og styrkingu á 2,2 km löngum varnargörðum og gerð 200m nýs varnargarðs.

- Gröftur 2,1 km langs frárennisskurðar frá stöðvarhúsi Landsvirkjunar í Fljótsdal ásamt veitingu Jökulsár í Fljótsdal.

Áætlaðir efnisflutningar eru um 1.000.000 rúmmetrar.

Héraðsverk vinnur nú að vegagerð á tæplega 8

km kafa úr Jökuldal að Háreksstaðaleið og ennfremur að veg- og brúargerð á Hófaskarðsleið á Melrakkaslétu, sem er rúmlega 30 km löng nýframkvæmd í vegalögn þvert yfir Melrakkaslétu úr Þistilfirði að Kópaskeri. Verkið í Jökuldal er komið vel á veg en nýhafið á Hófaskarðsleið og vinnubúðir komnar á staðinn í því verki.

Nýlega samdi Vegagerðin við Héraðsverk um vegagerð í Þvottár og Hvalnesskriðum milli Lóns og Álftafjarðar. Þar er um að ræða endurbætur á núverandi vegi ásamt vörnum gegn grjóthruni í skriðunum.

Verkefnastaða fyrirtækisins og staða í verkum er góð.



Fyrirtækið hefur tekið að sér verkefni af margs konar stærðum og gerðum og má þar nefna verkefni á sviði virkjana- og álversframkvæmda og ýmiskonar lagnavinnu og jarðgangnagerð. Stærstu verkefni



Um miðbik Flórida er paradís fyrir golfara og aðra ferðamenn: Van der Valk Inverness er staðsett innan Lakeside Golf Course. Heimsækið svæðið og njótið alls þess sem það hefur upp á að bjóða. Hægt er að leigja 2, 3, eða 4. herbegja hús sem geta hýst allt að 8 gesti. Með frábærum innréttingum, allt sem nauðsynlegt er að hafa í eldhúsum, góð og þægileg svefnherbergi, sundlaugar með flugnanetum yfir. Mjög gott gólfrymi og upphitun eða kæling eftir atvikum sem gerir húsin þægileg til að vera í. Góðar golfverslanir og moll eru á svæðinu

Verð eru frá \$190 fyrir sólarhring

Pantið núna og innifalið í húsgjaldinu er ótakmarkaður golfleikur á Lakeside golf course og þremur öðrum golfvöllum í umhverfi Van der Valk Inverness

Van der Valk Inverness Aðalumboðsmaður Van der Valk á Íslandi er Karl Hólm í s. 5554596/8970841 kholm@simnet.is
tel: 001-352-637-1140
Gefur frekari upplýsingar fram á kvöldið

e-mail: info@valkusa.com
website: www.valkusa.com



V A N D E R
VALKUSA
YOUR PARTNER IN FLORIDA

Steini - Behold: Diskurinn er kominn!



steinientertainment.com



Bygging álvers er mikil verkfræðivinna

Þorkell Erlingsson er einn þeirra verkfræðinga sem unnið hafa að álverinu í Reyðarfirði – bæði hér heima og í Kanada.

Verktakafyrirtækið HRV var ásamt Bechtel, eitt þriggja fyrirtækja sem gerðu tilboð í verkfræðipáttinn þegar álverið í Reyðarfirði var hannað. HRV var stofnað árið 1995 sem samstarfsverkefni þriggja verkfræðistofa, VGK-Hönnunar, Rafhönnunar og Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsson, til að vinna að uppbyggingu álversins á Grundartanga. Frá þeim tíma hefur samstarfið

verið að þróast og fyrir fimm árum var því formlega breytt í hlutafélag (hf) vegna samnings sem verið var að gera við ALCOA. Verkefnið var álverið í Reyðarfirði og í sem skemmstu máli þá hlaut HRV samninginn, ásamt Bechtel. Þeirra hlutverk var að sjá um allan verkfræðipáttinn í uppbyggingunni.

Einn af þeim verkfræðingum sem störfuðu að verkfræðipáttinum fyrir hönd HRV er Þorkell Erlingsson hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsson. Sem dæmi um stærð verkefnisins segir hann hundrað og fimmtíu verkfræðinga hafa

komið að hönnun álversins. „Iðnaðarbygging eins og álver er fyrst og fremst verkfræðivinna og arkitektar koma þar minna við sögu. Það var hins vegar ákvörðun ALCOA að fá arkitekta til að hanna húsnæði utan um starfsemina og fyrir það eiga þeir sannarlega hrós skilið. Þá vildu þeir fá íslenska arkitekta, rétt eins og þeir vildu hafa íslenska verkfræðinga.“

Fyrirtæki með reynslu

Þorkell er einn þeirra sem dvöldu í Kanada meðan á hönnunarvinnunni stóð – og líklega dvaldi hann lengst þar allra Ís-

lendinganna sem komu að verkinu, eða í tæplega tvö ár. „ALCOA á álver í Quebec og það hafði verið ákveðið að byggja sams konar álver á Íslandi; af sömu stærð, þar sem notuð er sama tækni. Síðan réðu þeir til sín verkfræðinga sem gátu bæði hannað, boðið út, keypt inn allt efni og séð um að reisa álverið. Fyrstu tvö árin var mannskapurinn mest í Montreal við að hanna og bjóða efnið út, síðan hefur hann að hluta til verið hér fyrir austan við að byggja verksmiðjuna, sem áætlað er að ljúka í desember á þessu ári.“


Verkefnið hefur verið risa-

vaxið enda þurfti að hanna kerskála, steypuskála, skautsmiðju, súrálssíló og uppskipunartæki, svo eitthvað sé nefnt. HRV menn hafa unnið bæði að Norðuráli, sem og síðasta kerskál-anum hjá ÍSAL og nú er verið að gera áætlanir um Helgúvíkina. Fyrirtækið er því komið með gríðarlega reynslu hvað varðar verkfræðivinnu við stóriðju og er þegar farið að flytja út sína þekkingu. „Við erum að vinna við að endurbyggja Kubal, álver í Sundsvall rétt fyrir norðan Stokkhólm, sem er eina álverið í Svíþjóð,“ segir Þorkell. „Þetta er gamalt álver og HRV



Ásýnd á grjóthleðslu og þjónustubyggingu frá sjó.

„Að mati Þorkels leikur enginn vafi á því að markvissar öryggiskröfur hafi skilað sér margfalt við byggingu Fjarðaáls. „Það sést best á því að engin alvarleg slys eða dauðaslys urðu á mönnun á byggingartíma og óhöpp fátíð miðað við það sem við eigum að venjast á verkstað hér á landi.“



Vinningstillagan.

Þar fer fram að framkvæmdum loknum. „Það þarf því að gæta að öryggi þeirra sem eru á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur annars vegar og að þær framkvæmdir skili vinnustað sem uppfyllir fyllstu öryggiskröfur hins vegar.“ Að mati Þorkels leikur enginn vafi á því að markvissar öryggiskröfur hafi skilað sér margfalt við

byggingu Fjarðaáls. „Það sést best á því að engin alvarleg slys eða dauðaslys urðu á mönnun á byggingartíma og óhöpp fátíð miðað við það sem við eigum að venjast á verkstað hér á landi.“ Sem dæmi um öryggisþætti nefnir Þorkell að verklag hafi verið vandlega skilgreint. „Leitast var við að byggja sem flestar einingar á verkstaði utan

vinnusvæðis og komið með fullsamsettar á byggingarstað. Jafnframt var reynt að setja saman þök niðri á jörðinni og lyfta þeim upp í heilu lagi, til að menn þyrftu ekki að vera að vinna uppi á þökum eða mikill hæð. Og bannað var að vinna uppi á þökum nema menn væru í sérstökum öryggisbúnaði og alltaf að minnsta kosti tveir saman.“

Núna þegar vinnu við verksmiðjuna er að ljúka og Þorkell er spurður hvernig honum lítist á útkomuna, segir hann: Þetta er stærsta álver á Íslandi og byggt í einum áfanga. Þeir eiga hrós skilið, Alcoa menn, fyrir þær kröfur sem þeir hafa gert til sjálfra sín og okkar í vinnuferlum, umgengni við náttúruna og öryggi manna.“



var fengið til að sjá um að endurbýggja það og endurnýja öll tæki. Því verki á að ljúka seint á næsta ári en okkar verkfræðingar hafa verið þarna frá því í byrjun þessa árs.“


Stífar öryggis- og umhverfiskröfur

Þorkell lætur vel af því að vinna fyrir ALCOA. „Fyrirtækið setur sér mjög stífar reglur um öryggi sem hefur verið fylgt í uppbyggingu í Fjarðaáli, bæði öryggiskröfur, umhverfiskröfur og kröfur um almenn samskipti. Þetta eru mun stífari kröfur en við höfum vanist hér á landi og gott fyrir okkur Íslendinga að kynnast þeim, þar sem verið er að innleiða slíkar kröfur í hinum vestræna heimi.

Öryggiskröfurnar spanna afar breitt svið eða allt frá hönnun mannvirkisins og byggingu þess ásamt þeirri starfsemi sem



Núverandi lóðarskipulag.



Aðkoma að þjónustubyggingu (sniðmynd).

Höfum öðlast ómetanlega þekkingu

TBL er samstarfsfyrirtæki þriggja arkitektastofa sem fengu það verkefni að hanna byggingar álversins í Reyðarfirði. Byggingin er nú þegar orðin fyrirmynd að álverum framtíðarinnar.

Álverið í Reyðarfirði er að mörgu leyti óvenjuleg stóriðnaðarbygging. Hún er sú eina sinnar tegundar í heiminum sem hefur verið hönnuð af arkitektum og er nú þegar orðin fyrirmynd að álverum framtíðarinnar. Byggingin er hönnuð af TBL arkitektum, sem er samstarfsfyrirtæki arkitektastofanna TARK, Batterið og Landslagsarkitekturstofunnar Landslag. Þegar ALCOA og Bechtel héldu samkeppni um bygginguna, bárust fjórar tillögur og var tillaga TBL valin. Við gerð tillögunnar naut TBL verkfræðiráðgjafar frá Línuhönnun – en sú stofa tók ekki þátt í útfærslunni.

Forsvarsmenn TBL, þeir Halldór Eiríksson, Jón Ólafur Ólafsson og Bjarni Snæbjörnsson segja að grunnforsendurnar sem þeir hafi fengið hafi verið að hanna „eitt stykki kerskála.“

„Við höfðum gróft verksmiðju-snið sem átti sér fyrirmynd í Deschambault álverinu í Kanada og síðan áttum við að hanna sjálfa bygginguna og umhverfið í kringum hana,“ segja þeir. „Þetta átti að vera umhverfisvænasta álver í heimi – og þetta var í fyrsta sinn sem álver fór í arkitektasamkeppni. ALCOA hafði ekki byggt nýtt álver í tuttugu ár og

stóðu að þessu sinni frammi fyrir breyttri heimsmynd. Markmiðið var umhverfisvænt álver sem verða skyldi fyrirmynd að þeim álverum sem þeir ætla að byggja á næstu árum – en þeir eru með um fimmtán álver í bígerð.“

Áhersla á öryggi og vinnuvernd

Þremmenningarnir segja hönnunina á álverinu hafa verið mjög sérstæða reynsla. „Þetta er allt öðruvísi nálgun fyrir okkur sem arkitekta en við höfum átt að venjast. TARK hafði að vísu hannað byggingar bæði á Grundartanga og Hellisheiði – en þetta verkefni krafðist svo mikillar samvinnu milli okkar og verkfræðiráðgjafanna sem að þessu mannvirki komu. Þetta snerist ekki bara um að við fengjum lóð og teiknuðum eitt hús. Við vorum ekki eins ráðandi í endanlegri stærð og formi og vélaverkfræðingarnir. Það má segja að byggingin hafi stjórnast af nýtingarforsendum og okkar hlutverk var að móta nokkrar byggingar utan um starfsemina.

Grunnforsendurnar sem við lögðum upp með voru þrjár: Inn með loftræstinguna og þökin skyldu vera hallandi, auk þess sem við skyldum finna leið til að hleypa ljósinu vel inn í byggingarnar. Við ákváðum að hanna húsið þannig að birtan byggðist eins mikið á dagsljósi og hægt væri og að hún yrði reist sem mest á endurnýtanlegu efni. Öryggisþátturinn spilaði líka veigamikill hlutverk við hönnunina



Talið frá vinstri: Jón Ólafur Ólafsson, Bjarni Snæbjörnsson og Halldór Eiríksson.

vegna þess að ALCOA og Bectel leggja gríðarmikla áherslu á öryggi og vinnuvernd, sérstaklega á byggingarstiginu. Að lokum vildum við skapa eins fallegan arkitektúr og hægt var, vitandi að þegar upp er staðið snýst allt um krónur og aura. Svona ferli snýst um endalausar málamiðlanir. Engu að síður fengum við mörgum af okkar hugmyndum framgengt. Þó ekki öllum, en þannig er þetta bara þegar unnið er að svona risavöxnu verkefni sem mikill fjöldi fólks kemur að hönnuninni.

Hins vegar kom það okkur ekkert á óvart að þurfa að gera málamiðlanir. Þegar tillaga okkar var valin eftir samkeppnina, fengum við að vita að þeir væru að velja hópinn fremur en tillöguna sem við lögðum fram – enda hefur sú

tillaga breyst verulega mikið.“

Endalausar málamiðlanir

Þegar Halldór, Jón og Bjarni eru spurðir hvort umhverfi og náttúra hafi spilað inn í forsendurnar sem þeir fengu, segja þeir svo heldur betur vera. Bygginginarnar áttu að falla eins vel að landinu og hægt var og mengunarvarnarþátturinn var í öndvegi. Til dæmis er allt yfirborðsvatn hreinsað áður en það fer út af lóðinni og eins og við sögðum áðan er loftræsingin innanhúss til að draga sem mest úr mengun umhverfis verksmiðjuna. Upphaflega ætluðum við að hafa þakglugga í kerskálanum til að nýta dagsbirtuna sem mest en það var of áhættusamt, þannig að þess í stað notum við gagnsæja panela úr búrplastu sem hleypir mikilli

birtu inn í þá, auk þess sem innviðir skálans eru mjög ljósir.

Við vildum gera allt sem í okkar valdi stóð til að gera vinnuumhverfið aðlaðandi, þannig að mönnum sem vinna þarna geti liðið vel. Síðan eyddum við gríðarmikilli orku í klæðningamálin. Það skiptir afar miklu máli í 1100 metra langri byggingu að hún sé klædd með réttu efni, bæði út frá hagrænni forsendu, það er að segja að hún kosti ekki mikið, og framkvæmdarlegri forsendu, sem þýðir einfaldlega að menn með litla sérþekkingu geti framkvæmt verkið og öryggi þeirra sé tryggt um leið og við uppfyllum þau arkitektónisku gildi sem við lögðum upp með. Þetta gerði það að verkum að við stóðum frammi fyrir endalausum málamiðlunum allt ferlið. Í hvert sinn sem maður breytir smáatriði hefur það áhrif á allt ferlið og það fer óhemju mikill tími í þessa vinnu. Þessu má helst líkja við dómínóáhrifin.“

Fullt erindi á alþjóðlegan markað

Fyrir leikmann kann þetta að hljóma bæði þreytandi og þyrndandi verkefni, en það er síður en svo að þeir Halldór, Jón og Bjarni skrifu undir það. „Þetta var gífurlega lærdómsríkt verkefni og skemmtilegt. Það sem skiptir mestu máli fyrir okkur þegar litið er til baka, er sú reynsla sem hefur orðið til í þessum hópi. Í fyrsta lagi, er orðin til ómetanleg þekking á hönnun álvera og stærri mannvirkjum hjá TBL í dag. Í öðru lagi erum við að vinna í alþjóðlegu samstarfi með stærsta einkafyrirtæki í heimi. Það hefur fjöldi fólks frá okkur og öðrum fyrirtækjum unnið á skrifstofu Bechtel í Montreal í Kanada. Við vorum með fjóra menn þar mánuðum saman en alls komu fimmtán manns frá okkur að hönnun verkefnisins þegar mest var og voru þá staðsettir í Montreal og Reykjavík, auk þess sem einn starfsmaður var í Reyðarfirði til að hafa eftirlit með framkvæmdum.

Þetta er flóknasta verkefni sem við höfum komið að. Í því fólust verkferlar sem voru allt öðruvísi en við áttum að venjast. Við þurftum að tileinka okkur önnur vinnubrögð en áður – sem gerir það að verkum að þetta hefur verið gríðarlega lærdómsrík reynsla. Eftir þetta erum við vissum að við eigum fullt erindi á alþjóðlegum markaði og arkitektúr á mikið erindi í iðnaðarumhverfi.

Það voru einkum öryggis- og vinnuverndarþættir sem voru lærdómsríkir. Reglur Bectels eru mjög strangar og við efumst ekki um að þær eiga eftir að valda bylt-



ingu í íslenskum byggingariðnaði. Þetta kom strax fram á fyrsta fundinum sem við áttum með þeim. Fundurinn byrjaði á því að okkur var sagt hvar flóttaleiðirnar úr fundaherberginu væru.“

„Þessar öryggiskröfur eru mjög harðar alveg frá fyrsta skrefi,“ segir Jón. „Þetta kom okkur dálítið spánst fyrir sjónir til að byrja með og okkur fannst mjög fyndið þegar Bjarni fór, ásamt Sigurði Einarssyni og Dagnýju landslagsarkitektinum sem vann með okkur austur til að skoða lóðina


sem álverið skyldi reist á. Þetta var þegar við vorum að undirbúa tillögu okkar.“

Hjálmur og stáltá

„Þau flugu til Egilsstaða, tóku bíl þar og keyrðu niður í Reyðarfjörð. Þar fóru þau út úr bílnum á byggingasvæði framtíðarinnar; stóðu bara þarna úti í guðsgrænni náttúrunni og virtu svæðið fyrir sér, tóku myndir og spjölluðu um verkefnið. Þá kom til þeirra ábúðarfullur maður og rak þau í burtu, sagði að þetta væri bygg-

ingasvæði og þau mættu ekki vera þarna. Þau sögðust vera að skoða svæðið vegna undirbúnings tillögu í arkitektasamkeppni. Það skipti engu máli, þau máttu ekki vera þarna nema setja upp hjálm og hlífðargleraugu, og klæðast gulu vesti og skóm með stáltá.“

„Okkur fannst þetta rosalega fyndið þarna í byrjun,“ segja Halldór, Jón og Bjarni, „en raunin er sú að það hafa engin alvarleg vinnuslys orðið þarna í öllu byggingarferlinu – öfugt við það sem verið hefur á Kárahnjúkum. Bec-



tel á mikið hrós skilið fyrir þær ströngu kröfur sem þeir setja um öryggi bæði fyrir þá sem vinna

á framkvæmd bygginganna og þeirra sem eiga eftir að starfa í þeim.“

Hlýleg ásynd frá fjalli til fjöru

Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt fékk það verkefni að móta fallegt landslag og umhverfi í kringum álverið í Reyðarfirði

Meginhugmyndin í skipulagi umhverfis álversins í Reyðarfirði var að vinna markvisst með landsvæðin frá náttúru að manngerðu umhverfi, segir Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf. sem tók þátt í hönnun álversins og er „L-ið“ í samstarfsfyrirtækið TBL. „Annars vegar snerist þetta um svæðið frá sjó að byggingu, hins vegar frá fjalli að byggingu. Markmiðið var að skapa mannlegan skala og hlýlegt viðmót þegar komið er að svæðinu.

Frá þjóðveginum er afar fallegt útsýni út á Reyðarfjörð og við lögðum áherslu á að halda því eins og hægt er. Álverið situr neðarlega í landinu og okkar hugmyndir voru að búa til skálgjandi manir sem risu upp úr landinu á milli vegarins og álversins og tóku form af fjallinu hinu megin fjarðar og beindu sjónum að því. Það svæði var hins vegar nýtt undir skrifstofu- og þjónustubýggingar á meðan á framkvæmdum stóð og það breyttust forsendur um hvar umframjarðvegi var komið fyrir, þannig að við komum til með að gera breytingar á upphaflegum hugmyndum okkar. Engu að síður munum við leggja mikla áherslu á að milda sjónræn áhrif frá þjóðveginum að álverinu, og vinna með ásyndina yfir fjörðinn.

Árfarvegum breytt

„Áður en hafist var handa um hönnun álversins runnu tveir árfarvegir í gegnum lóðina, Hóls-húslækur að vestan og Grjótá að austan. Farvegum þeirra var breytt og þeir leiddir framhjá lóðinni sitt hvorum megin og síðan gerðum við tillögur um uppgræðslu á umhverfi þeirra. Nýi Grjótárfarvegurinn myndar skemmtilegt gil og fallega náttúru með fossum og flúðum. Núverandi uppgröftur verður mótaður og græddur upp, þannig að hann falli eðlilega inn í núverandi hlífðar fjallsins og okkar tillaga snýst um að haga frágangi þannig að hægt verði að nýta þetta nýmótada landslag sem útivistarsvæði.“

Meðfram allri byggingunni,



sjávarmegin, hefur verið hlaðinn gríðarmikill grjótgarður. Í samkeppnistillögunni gerðum við alltaf ráð fyrir grjótgarði sem tæki upp hæðarmuninn frá verksmiðjusvæðinu og niður að strönd. Á framkvæmdatímanum var ákveðið að færa þennan garð nær ströndinni og nota landið aftan við fyrir umframefni. Grjótgarðurinn var nauðsynlegur til að halda við jarðveginn, þar sem hann var svo leirkenndur að hann gat ekki staðið undir sjálfum sér. Hins vegar hafi grjótgarðurinn opnað marga nýja möguleika í hönnun umhverfisins.

Settjarnir og grjótgarður

„Í tillögum okkar er gert ráð fyrir gönguleið upp á garðinum þar sem hægt verður að staldra við og virða fyrir sér útsýnið yfir fjörðinn. Við leggjum líka til að hann verði lækkaður á ákveðnum stöðum t.d. við þjónustubýgginguna til að hún fái sjónræna tengingu niður að sjó, og til að skapa aðgengi að ströndinni. Grjótgarðurinn þjónar líka þeim tilgangi að girða af verksmiðjusvæðið frá ströndinni, en neðan við hann var lögð áhersla á að ströndin yrði opin almenningi.

Inni á lóðinni eru tvær settjarnir en það eru afar strangar reglur hjá ALCOA um að hreinsa allt yfirborðsvatn áður en það fer í sjóinn. Fyrst síast vatnið niður í

milli aðkomunnar og verksmiðjunnar, þannig reynum við að vinna með mannlegan skala alls staðar í kringum hana og skapa hlýlegt umhverfi fyrir starfsfólkið. Á móts við ströndina við bygginguna reiknum við með að fólk geti matast utnadyra þegar veður leyfir. Fyrir ofan grjótvegginn, að verksmiðjunni, er heilmikið grænt svæði þar sem við leggjum upp með göngustígum á milli verksmiðjusvæðanna og meðfram grjótveggnum. Þannig getur starfsfólkið valið milli stöðstu leiðar eða getur notið þess að hreyfa sig virða fyrir sér útsýnið og andað að sér sjávarloftinu. Við sjáum líka fyrir okkur að þetta svæði sé hægt að nota í þágu starfsfólksins, til dæmis með boltavelli og slíku.“

„Okkur finnst mikilvægt að þú komir að manneskjulegum skala þegar þú kemur að verksmiðjunni og leggjum áherslu á að gróðurvæða aðkomusvæðið sem er andlit verksmiðjunnar. Grjótgarðurinn myndar síðan sjónræna lokun inn á verk-

smiðjusvæðið frá ströndinni séð. Hugmyndin er að allt sem snýr að þér þegar þú kemur á svæðið sé grænt. Það er mikil áhersla lögð á að gróðurvæða hvern blett sem ekki er nýttur, til að þér mæti ekki bara grátt malbik og auðn, fyrir utan að þjóna því hlutverki að sía vatnið. Verksmiðjuumhverfi þarf ekki – og á ekki að vera ljótt.“



Nýtt landslag hefur orðið til með breyttum farvegi Grjótár.





BÚGARÐABYGGÐ

– Óvistvænt búsetuform

Margt sem mælir í mót Rökin gegn búgarðabyggð eru bæði umhverfisleg, efnahagsleg og landnýtingarleg að sögn Salvarar Jónsdóttur, skipulagsfræðings hjá Alta. Hún segist ekki þekkja neinn fagaðila með þekkingu á skipulagsmálum sem mæli búgarðarbyggðinni bót. Mynd Ingó.

Hugtakið búgarðabyggð er tiltölulega nýtt hér á landi en sést æ oftast í skipulagsáætlanum. Skiptar skoðanir eru á þessu nýja búsetuformi, sem oft er einnig nefnt sveit í borg. Margir gleðjast yfir því að fleiri vilja búa í sveitinni aðrir hafa áhyggjur af útbenslunni og þeirri mengun og kostnaði sem henni fylgir. Salvör Jónsdóttir, skipulagsfræðingur er ein þeirra sem hafa látið sig málið varða og segir búgarðabyggð geta verið soun á góðu landi.

„Erlendis er verið að eyða peningum og tíma í að lagfæra þróun byggða á borð við búgarðabyggð, þ.e.a.s. dreifða byggð á stórum

lóðum. Langbest væri ef við Íslendingar myndum læra af öðrum þjóðum með því að láta þetta ekki gerast hjá okkur, enda er mjög erfitt að þetta svona byggð þegar hún er einu sinni komin,“ segir Salvör sem segist ekki þekkja neinn fagaðila með þekkingu á skipulagsmálum sem mæli búgarðabyggðinni bót.

„Búgarðabyggð er tiltölulega nýtt hugtak hér á landi sem er þó komið inn í mjög margar skipulagsáætlanir. Ég skil ekki hversvegna í ósköpunum sveitarfélög sjá sér hag í því að samþykkja slíka byggð. Kannski hafa menn ekki enn áttað sig á ókostunum,“ segir Salvör. Að hennar sögn eru ókostirnir margvíslegir.

Í fyrsta lagi er dreifð byggð mun óvistvænni heldur en þétt byggð. „Í svona dreifðum byggðum er t.d. mjög erfitt að reka almenningsamgöngur. Í Reykjavík er alltaf verið að tala um að gatnakerfið sé sprungið en það er ekki vegna þess að göturnar séu ekki nógu stórar heldur vegna þess að byggðin er of dreifð.“

Í öðru lagi er mjög kostnaðarsamt að halda uppi veitu- og gatnakerfi í dreifðum byggðum. Og sá kostnaður lendir á venjulegum skattborgurum. „Þeir sem búa í þéttari byggð eru í raun að niðurgreiða þann aukna kostnað sem hlýst af því að halda uppi dreifðri byggð og í því felst vissulega nokkur ósanngirni.“

Góðu landbúnaðarlandi fórnað

Salvör hefur einnig áhyggjur af því að verið sé að fórna góðu landbúnaðarlandi undir búgarðabyggðir.

„Landið er takmörkuð auðlind. Það má kannski segja að það sé til nóg land, en það er bara ekki til nóg af heppilegu ræktarlandi,“ segir Salvör sem vill að tryggt sé að bæði sé til nægilegt land undir matvælaframleiðslu og vatnsbúskap.

„Það er mjög óvistvænt að flytja inn matvæli í jafn stórum stíl og við erum farin að gera. Það væri nær að við nýttum okkur þá möguleika sem hér eru til matvælaframleiðslu, að ekki sé talað um hvað fersk vara er miklu

betri en sú sem hefur þvælst um langan veg. En til þess að það geti orðið þarf að vekja vitund neytanda. Mér finnst afar sérkennilegt að fólk virðist vera meira meðvitað um það hvernig bensín það setur á bílinn sinn heldur en hvað það lætur ofan í sig og börnin sín.“

Salvör telur að margt ungt fólk vilji stunda matvælaframleiðslu en þar sem gott land er mjög dýrt er það erfitt. „Jarðir sem eru hvað heppilegastar til landbúnaðar, eru nálægt mörkuðum, gjöfugar og góðar, eru gjarnan keyptar upp af auðmönnum og hugsanlega brytjaðar niður í búgarðabyggðir.“

Vernda þarf votlendið

Þegar skipulagsmáleruannarsvegar virðast sveitarfélög leggja mikinn metnað í það að bjóða upp á fjölbreytta búsetuvalkosti enda margir þeirrar skoðunar að fólk eigi að fá að búa eins og það vill, þar sem það vill, hvort sem það er á stórum jörðum úti á landi eða ekki. „Margir myndu gjarnan vilja eiga einbýlishús með bryggju út í Þingvallavatn. En fólk fær ekki allt sem það vill. Við erum nú þegar með ýmsar reglur varðandi hegðun okkar, þannig að það er ekkert óeðlilegt við það að við setjum einhverjar reglur varðandi það hvernig við förum með landið og solum því ekki. Mér finnst full ástæða til þess að bjóða upp á alla þá búsetuvalkosti sem við höfum ráð á því að bjóða upp og þá á ég við hvað varðar umhverfiskostnað. Ef við viljum endilega bjóða uppá svona byggð þá er hugsanlegt að einhversstaðar sé hægt að leyfa það en það þarf þá að vera þannig að viðkomandi einstaklingar greiði þann kostnað sem af því hlýst, sem er bæði umhverfiskostnaður og beinn fjárhagslegur kostnaður. Og það held ég að menn séu ekki tilbúnir að gera.“

Þegar Salvör eru spurð að því hvort hún setji frístundabyggðir og búgarðabyggðir undir sama hatt neitar hún því og segir búgarðabyggðirnar öllu varasamari. „Í frístundabyggðum er fólk ekki með fasta búsetu og mengunarstuðullinn því ekki eins hár og í búgarðabyggðum þar sem fólk þarf daglega að sækja ákveðna þjónustu eins og vinnu og skóla. Frístundabyggðir hafa líka meira verið byggðar á svæðum sem eru síður heppilegar til landbúnaðar og eins hafa þær síður verið byggðar í votlendi eins og sumar búgarðabyggðirnar. Slíkt er stórvarasamt því til dæmis er hægt að nota votlendi til kolefnisjöfnunar, sem er mun árangursríkari leið en skógrækt. Það getur vel verið hægt sé að finna land sem er hvorki votlendi né heppilegt til matvælaframleiðslu en búgarðabyggðin er engu að síður óvistvænt búsetuform.“

Andvaraleysi á Íslandi

Talið berst að skipulagsmálum Íslendinga almennt og þar finnst Salvöru bæði að við mættum

vera vistvænni og framsýnni í hugsun.

„Almennt ríkir frekar mikið andvaraleysi hér. Við erum svo vön því að hafa ekki áhyggjur af framtíðinni. Fólki finnst óþægilegt að hugsa 10 ár fram í tímann og hvaða afleiðingar gjörðir þess hafa á framtíðina. Hér er mikil trú á tæknina og sú hugsun er ríkjandi að ekki þurfi að hafa áhyggjur af hlutunum núna því það verði komin einhver ný tækni eftir nokkur ár sem leysi vandann.“

Hún heldur áfram: „Þegar ég flutti til Bandaríkjanna árið 1990 var baráttan við útpenslu byggðar gömul lumma og þar var unnið hörðum höndum að því að berjast gegn slíku. Hér þykir hinsvegar sjálfsagt mál að þenja út byggð. Það sem var orðið vandamál fyrir 20 árum annarsstaðar erum við varla búin að uppgötva. Ef ég hef máls á því þá er það bara frétt.“ Hún tekur fleiri dæmi um það hve Íslendingar eru eftir á í hugsun hvað þessi mál varðar og nefnir sem dæmi að þegar hún bjó í Bandaríkjunum með son á skólaaldri þá voru bílar bannaðir á skólalóðinni. Allir gengu í skólann og sá bekkur þar sem ekkert barn hafði komið á bíl fékk verðlaun, eins og tíðkast með reyklausu bekki hér á landi. En af hverju gengur svona hægt að innræta Íslendingum vistvæna hugsun?

„Ætli það sé ekki bara vegna þess að við erum svo vön því að vera föst í þeirri hugsun að við séum svo fá og smá, hér sé nóg land og því skipti ekki máli hvað við gerum,“ segir Salvör.

Almenningur þarf að taka virkari þátt í aðalskipulagsgerð

Á þeim 20 árum sem Salvör hefur starfað við skipulag segir hún þó að miklar breytingar hafi átt sér stað. Meiri umræða sé almennt um skipulagsmál og almenningur láti meira í sér heyrna. Að þessu sögðu ítrekar Salvör að fólk sé samt ekki nógu vel meðvitað um það hvernig skipulagskerfið á Íslandi sé uppbyggt. Hún útskýrir að það skiptist í þrjú stig;

svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Aðalskipulag nær til alls sveitarfélagsins og er lyklatríði í íslenska skipulagskerfinu. Þar eru megin línur mótaðar og deiliskipulag svo útfrá því.

Nokkuð hefur verið kvartað yfir því að skipulagsmál séu einfaldlega ekki nógu vel kynnt fyrir almenningi og tekur Salvör undir það. Vissulega mættu yfirvöld standa sig betur í þeim málum.


„Fólk verður að gera sér grein fyrir því að skipulagsmál ganga ekki bara út á það að hanna hús,

götur og fallett umhverfi. Stefnan er ákveðin í aðalskipulagi og þar er ákveðið hversu mikið á að þetta byggðina eða þenja hana út. Stefnumótandi ákvarðanir skipta okkur öll miklu máli og það getur verið erfitt að snúa af þeirri braut sem tekin er í aðalskipulagi. Sveitarstjórnarmenn verða að skilja að þeir eru að ráðstafa sameiginlegum sjóðum, sem er landið sjálft og ákveða hvernig álögur verða á skattgreiðendum í framtíðinni, hver mengunin verður o.s.frv. Þetta er mikið ábyrgðarhlutverk

og þar má gjarnan veita þeim gott aðhald.“

Eins og áður hefur komið fram eru búgarðabyggðir víða komnar inn á aðalskipulag sveitarfélaga. Það er því ekki úr vegi að spyrja Salvöru svona að lokum hvort það sé ekki hreinlega orðið of seint að setja sig upp á móti þeim. „Því færri því betri er mín trú. Mörg sveitarfélög eru með slíkar byggðir inni á aðalskipulagsáætlunum sínum en ekki er enn búið að staðfesta þær. Og meðan svo er, þá er enn hægt

snúa við þróuninni. Það er í það minnsta mjög mikilvægt að vekja umræðuna. Maður byrjar á því. Þegar ég var að alast upp þá var reykt í opinberum stofnunum, flugvélum og bara allstaðar. Nú dettur engum í hug að reykja ofan í börn. Og hvað gerðist, jú með auknum skilningi breyttist viðhorfið og þetta er bara svipað. Ég held við hljótum að átta okkur á því að þær ákvarðanir sem teknar eru um landnotkun hafa áhrif á umhverfi okkar og lífsgæði komandi kynslóða.“



Græðum jörðina saman fermetra fyrir fermetra



Saman getum við haft áhrif. Veldu úr 9 sérvöldum „grænum“ Forbo linoleum gólfdukkum og við gefum hálfan evru til WWF fyrir hvern seldan fermetra.



forbo
FLOORING SYSTEMS

marmoleum®
meets 

KJARAN
GÖLFBUNADUR

SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is

creating better environments

HVAÐ ER BÚGARÐA-BYGGÐ?

Búgarðabyggð er nýtt búsetuform sem er að ryðja sér til rúms hér á landi. Mjög mörg sveitarfélög eru farin að bjóða upp á búgarðabyggð, þar sem menn njóta kosta sveitarinnar en eru samt í þéttbýli. Mjög rúm skilmálar eru varðandi nýtingu landsins. Menn geta t.d. verið með húsdýrahald eða stundað léttan iðnað á lóðunum og byggt þar íbúðarhús, skemmur, útihús, gróðurhús o.fl. Lóðirnar eru mjög stórar og byggðirnar dreifðar.



1947 • 2007



Staurarnir hverfa

Fyrir 60 árum tóku Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, til starfa. Hlutskipti RARIK var að m.a. að rafvæða landsbyggðina. Dreifikerfið skiptir nú þúsundum kílómetra og verður sífellt traustara.

RARIK hefur á undanförunum árum gert mikið átak í að fjarlægja loftlínur og leggja jarðstrengi í staðinn. Veðurofsi, ísing og snjóflóð hafa reynst raflinum á vissum stöðum erfið og slíkir staðir hafa gengið fyrir við breytinguna. Ennfremur fylgir endurnýjuninni sá kostur að jarðstrengirnir eru þrífasa og koma gjarnan í stað einfasa loftlína. Á síðasta ári var ráðist í einn lengsta samfellda kaflann í strengvæðingunni í Öræfum.

Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Sími 528 9000 • www.rarik.is



Leiðandi ítalskt fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á iðnaðar innréttingum



Fataskápur:
tilboðsverð **11.524 kr.**

Ræstiskápur:
tilboðsverð **27.163 kr.**



Hillukerfi með
marga möguleika:

Hurðir
Fataslá
Stálskúffur
Plástskúffur
Bök
Gafnar
Skilrúm og
margt fleirra



Hillukerfi: Hæð 2.2 m,
breidd 2.7 m,
dýpt 40 cm, tilboðsverð
21.315 kr.

Bílainnréttingar frá
25.941 kr.



VERSLUN

Hamarshöfða 1. Sími 511 1122


Skoðið FAMI bæklinga á
www.ri-verslun.is

Elipex

EINANGRUÐ PEX PLASTRÖR



Miklar breytingar hafa orðið við lagningu hitaveitna þar sem foreinangruð plaströr eru nú notuð í grennri lögnum í meiri mæli, í stað hefðbundinna hitaveituröra úr stáli. Röraverksmiðjan SET er eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem framleiðir foreinangruð PEX rör.



SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: <http://www.set.is>





HJÁ



OKKUR

FAERÐU



ALLT SEM



ÞÚ ÞAFT



FYR



VETUR



N

Jólin 2007

Auglýsendur Athugið!

Land og Saga er með í vinnslu glæsilegt Jólblað sem verður rúmlega 100 síður og ber heitið Jólin 2007 og kemur út 20.nóvember.

Dreifingin er sú stærsta eða 120.000 eintök inn á heimili og fyrirtæki ásamt því að það N1 dreifir fyrir okkur blaðinu inn á öllum sínum bensínstöðvum um allt land.

Ritstjóri Jólblaðsins er Súsanna Svavarsdóttir og hefur hún meðal annars áralanga reynslu sem blaðamaður og hefur ritstýrt sérblöðum Morgunblaðsins um langt skeið.

Efnistökin er allt sem við kemur jólunum, jólagjafirnar, helgihald, tónleikar, viðtöl við skemmtilegt fólk og einnig verður flottur matakafli þar sem verða uppskriftir að girnilegum jólamat, bakstri og margt fleira

Fyrirtæki eru þegar búin að panta hjá okkur auglýsingapláss svo endilega hafðu samband sem fyrst og við tökum vel á móti þinni auglýsingapöntun.

LAND
& SAGA
Skipulag - Hönnun - Byggingar

Land og Saga ehf
Erna@LandogSaga.is
Sími 8212755

Skrautleg saman



HÚSASMÍÐJAN




blómaval